# FRÉTTABLAÐIÐ

116. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 19. MAÍ 2016




**Silfurkona** Hrafnhildur Lúthersdóttir náði besta árangri íslenskrar sundkonu frá upphafi þegar hún vann silfur í 100 metra bringusundi á EM í gær. Hún segir gott að vita til þess að hún eigi enn eitthvað inni og stefnir á að ná langt á Ólympíuleikunum í Ríó. Sjá síðu 24 MYND/HÖGNI BJÖRN ÓMARSSON

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um gagnsleysingja. 17

**TÍMAMÓT** Í dag fer fram listamannaspjall í Hafnarhúsinu. 26

**MENNING** Bjarni Bernharður Bjarnason tekst á við liti og form í verkum sínum. 32

**LÍFIÐ** Risaeðlan andvarpar í síðasta sinn. 44

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **VEIÐISUMARIÐ**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015
















## Dæturnar rappa víða um Evrópu

„Við spilum á sama sviði og Kendrick Lamar ef ég man rétt. Við fáum mjög gott slott,“ segir Salka Valsdóttir fyrir hönd Reykjavíkurdætra sem munu spila á aðal hiphop-sviðinu á einni stærstu og virtustu tónlistarhátíð í Evrópu, Fiberfib.

Reykjavíkurdætur eru önnur íslenska sveitin sem spilar á hátíðinni og feta í fótspor Sigur Rósar frá árinu 2008. Sveitin hefur auk þess skrifað undir samning við umboðsskrifstofuna SUPER! í Frakklandi sem sérhæfir sig í stórum Evróputúrum. – **ga** / **sjá síðu 46**



# Ísland að verða uppselt

**Ómögulegt er fyrir ferðamenn að fá gistingu víða um land. Framkvæmdastjóri Ferðaþjónustu bænda segir sérlega erfitt að koma fólki fyrir á suðurströndinni.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Víða um land er ómögulegt að útvega ferðamönnum gistingu yfir háannatíma. Ferðaþjónustan getur ekki tekið á móti fólki því engin gisting fæst á mörgum stöðum.

Sævar Skaptason, framkvæmdastjóri Ferðaþjónustu bænda, segir stöðuna mjög þrönga á háannatíma.

„Ferðamannastraumurinn er að færast fyrr á árið og fram eftir ágúst er á mörgum stöðum orðið fullbókað. Þetta gerir það að verkum að á öðrum stöðum er laust en þau pláss nýtast ekki því komnir eru flöskuhálsar á mest sóttu stöðunum,“ segir hann.

Að sögn Sævars er staðan erfiðust frá höfuðborgarsvæðinu að Höfn í Hornafirði.

„Suðurlandið er fullbókað og þá kemst fólk hvorki austur né vestur,“ segir Sævar. „Stórir aðilar hafa einblínt á að moka fólki hingað inn og horfa bara á þessa heitu staði. Markmiðið er að dreifa álaginu en það tekst illa og menn eru ekki að vinna nógu mikið saman.“

> Suðurlandið er fullbókað og þá kemst fólk hvorki austur né vestur.



Sævar Skaptason, framkvæmdastjóri Ferðaþjónustu bænda

Sigríður Gróa Þórarinsdóttir, starfsmaður hjá Snæland Grímssyni, segir mjög mikið basl að finna gistingu fyrir ferðamenn yfir háannatímann.

„Við reynum að aðstoða fólk eins og við getum en oft á tíðum þarf fólk að aðlaga ferðir sínar eða koma á öðrum tímum,“ segir hún.

Þá nefnir Sigríður að hótelherbergjum hafi ekki fjölgað í takt við fjölgun ferðamanna. Greiningardeild Íslandsbanka spáði í febrúar síðastliðnum 29 prósenta fjölgun ferðamanna til landsins á árinu en aðeins 5,8 prósenta aukningu á framboði hótelherbergja.

„Stóra verkefnið okkar er að dreifa ferðamönnum betur um landið,“ segir Skapti Örn Ólafsson, upplýsingafulltrúi Samtaka aðila í ferðaþjónustu. – **þv**

## Veður




Hægur vindur á landinu. Það verður skýjað með köflum með líkum á lítilsháttar skúrum. Eitthvað gæti þó sést til sólar milli skýjanna. Hiti 6 til 12 stig.

SJÁ SÍÐU 30



**Júlíus Vífill Ingvarsson, fyrrverandi borgarfulltrúi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Systkinin saka Júlíus um svik

**ERFÐAMÁL** Systkini Júlíusar Vífils Ingvarssonar telja hann og bróður hans Guðmund Ágúst Ingvarsson hafa falið lífeyrissjóði foreldra sinna í aflandsfélögum, ekki aðeins frá þeim systkinum heldur einnig frá móður sinni. Þau báru bræðurna þungum sökum í Kastljósi í Ríkissjónvarpinu í gærkvöldi.

Þau segja Júlíus Vífil hafa hringt í sig eftir Kastljósþátt sem fjallaði um Panama-skjölin og sýndur var 4. apríl og viðurkennt þetta. Fréttastofa náði ekki tali af Júlíusi Vífli vegna málsins.

Foreldrar Júlíusar Vífils voru þau Ingvar Helgason og Sigríður Guðmundsdóttir. Ingvar lést árið 1999 og Sigríður í fyrra en hún sat í óskiptu búi eftir að eiginmaður hennar lést. Sigríður hóf leit að eftirlaunasjóði þeirra hjóna eftir andlát Ingvars, en sá sjóður fannst hvergi.

Nú vilja systkini Júlíusar að dánarbúinu verði veitt heimild til að veita bresku rannsóknarfyrirtæki umboð til þess að leita að sjóðnum.

Í yfirlýsingu Júlíusar til Kastljóss segir hann ásakanir systkina sinna illmælgi og að þetta séu algjör ósannindi. Hann segir að um getgátur og dylgjur sé að ræða sem ekki byggi á neinum gögnum. **– nej**

## Drift á Norðurfirði



**Verið er að lengja varnargarðinn við höfnina í Norðurfirði um 50 metra og bæta við 20 metra langri flotbryggju. Leguplássum fyrir smábáta verður fjölgað. Flotbryggjan verður líklega dregin á báti inn fjörðinn í lok mánaðar og áætlað er að framkvæmdum ljúki í júní.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ákærður fyrir tilraun til manndráps

**DÓMSMÁL** Ákæra hefur verið gefin út á hendur 26 ára karlmanni fyrir tilraun til manndráps aðfaranótt sunnudagsins 6. mars síðastliðins við stúdentagarða Háskóla Íslands.

Héraðssaksóknari gefur manninum að sök að hafa stungið jafnaldra sinn og kunningja með hnífi hægra megin í bakið við lifrarstað. Hnífurinn fór í lifrina og olli slagæðablæðingu og loftbrjósti.

Þess er krafist í ákæru héraðssaksóknara að maðurinn verði dæmdur til refsingar og til að greiða allan sakarkostnað.

Þá fer fórnarlambið fram á 4,3 milljónir króna í bætur. Maðurinn mun hafa játað hnífsstunguna í yfirheyrslum hjá lögreglu en neitar að hafa ætlað að bana kunningja sínum.

Málið verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. **– ktd**

# Neitar sök en játar að hafa lent á bannsvæði

**Þyrluflugmanni er gert að sök að hafa ekki farið eftir fyrirmælum lögreglu þegar hann flaug inn á lokað bannsvæði og lenti þar. Flugmaðurinn telur sig hafa verið í fullum rétti þar sem hann hafi flogið inn á svæðið en ekki ekið á bíl.**

**DÓMSMÁL** Þyrluflugmaður sem lenti þyrlu í þrígang innan bannsvæðis við Holuhraun neitar alfarið sök. Flaug þyrluflugmaðurinn í september og október með farþega inn á gossvæðið í Holuhrauni. Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær.

Þyrluflugmanninum, sem þá vann fyrir Reykjavík Helicopters, er gert að sök að hafa dagana 2. og 4. september og 5. október lent þyrlu fyrirtækisins innan bannsvæðis sem lögreglustjórarnir á Akureyri og Seyðisfirði höfðu lokað fyrir allri umferð vegna almannahættu. Flugmaðurinn hleypti farþegum úr þyrlunni.

Þyrluflugmaðurinn játaði fyrir dómi að hafa lent þyrlunni innan umrædds svæðis. Hann bar fyrir sig að hafa ekki vitað af banni við flugumferð inn á svæðið. Engar tilkynningar hefðu borist frá flugmálayfirvöldum um bann við lendingum í grennd við gosstöðvarnar. Bannið hefði því ekki farið lögformlegar leiðir að flugmönnum. Þeir hefðu ekki getað á þessum tíma verið að leita að upplýsingum á „einhverjum heimasíðum“.

Hins vegar kvaðst þyrluflugmaðurinn hafa nýtt reynslu sína til að meta hættu af því að lenda á svæðinu.

„Vitandi það að gas berst ekki á móti vindi og vatn rennur ekki upp í móti er hægt að nýta reynslu sína í að lágmarka alla áhættu,“ sagði þyrluflugmaðurinn fyrir dóminum. „Einnig er mun öruggara að vera á svæðinu á þyrlu sem fer í loftið á innan við tveimur mínútum í stað jeppa ef flóðahætta er yfirvofandi,“ bætti hann við.



**Þyrluferðir auðmanna að gosstöðvunum í Holuhrauni vöktu enga hrifningu yfirvalda hérlendis.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

> **Vitandi það að gas berst ekki á móti vindi og vatn rennur ekki upp í móti er hægt að nýta reynslu sína í að lágmarka alla áhættu.**
>
> Þyrluflugmaður Reykjavík Helicopters

Ákæruvaldið féllst ekki á þessi rök þyrluflugmannsins. Umrætt svæði hefði verið lokað allri umferð, hvernig svo sem einstaklingar kæmu sér inn á svæðið. Það ætti við um þyrluflugmenn eins og aðra. Þá hefði flugmaðurinn ekki athugað hvort farþegar hans hefðu leyfi til að fara inn á svæðið.

Víðir Reynisson, fyrrverandi deildarstjóri Almannavarna ríkisins, sagði fyrir dómi að allar mögulegar leiðir hefðu verið notaðar til að dreifa tilkynningum um lokanir á svæðinu. Lokanir sins höfðu verið ákveðnar með vísindamönnum vegna mikillar hættu fyrir fólk.

**sveinn@frettabladid.is**


## FYRIRTÆKI TIL SÖLU

**TIL SÖLU 30% HLUTUR Í ARÐBÆRU OG VAXANDI FÉLAGI Í FERÐAÞJÓNUSTU**

Rekstrartekjur 2015 námu rúmlega **503 millj.**
Ebitda 2015 nam um **65 millj.**

**Verð 30 millj.**

Allar nánari upplýsingar veittar í síma: 516-0000
eða í gegnum tölvupóstfangið fyrirtaeki@fyrirtaeki.is

Fyrirtækjasalan
**SUÐURVER**
1987-2016 | Lækjartorgi 5
fyrirtaeki@fyrirtaeki.is | 516-0000 | fyrirtaeki.is

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

60 ÁRA 1956 - 2016

Húsasmiðjan fagnar 60 ára afmæli

**20% afsláttur**
ÖLL GARÐHÚSGÖGN

Skoðaðu öll tilboðin í Húsasmiðjublaðinu

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**11.670 kr**
~~14.590~~ kr
Garðstóll Chamonix
3899590

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**12.900 kr**
~~15.900~~ kr
Gaðborð Coral Reef
50 cm.
3899592

Sýpris hæð ca. 100 cm.
**999 kr**
~~2.490~~

Sólboði, allar stærðir
**1.190 kr**
~~1.490~~

blómaval

weber
**99.990 kr**
~~109.990~~ kr
Gasgrill Weber E310
3 ryðfríir brennarar: 9,4 kW/h – 32,000 BTU. Pottjárns grillgrindur, postulín glerungshúðað lok, skápur með sprautaðri svartri hurð.
3000311

weber
**76.990 kr**
~~99.900~~ kr
Gasgrill Weber Q3200
Létt og meðfærilegt gasgrill, stór grillflötur, Postulín glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni. Brennari: 6,35 kW/h—21.700 BTU.
3000380

Broil King
**49.990 kr**
~~59.990~~ kr
Gasgrill Broil King Royal 320
3 ryðfríir brennarar: Dual tube 8,8kW/h, grillgrind úr pottjárni, postulínshúðuð vermigrind.
3000604

Broil King
**69.990 kr**
~~79.990~~ kr
Baron 320
3 ryðfríir brennarar: Dual Tube 8,8 kW/h, rafstýður kveikjari, Grillgrind úr pottjárni, postulínshúðuð vermigrind. Grillflötur: 2129 cm². Hitamælir í loki.
3000611

Broil King
**32.990 kr**
~~38.990~~ kr
Porto Chef 120
Ferðagrill, 4,1 kw/h brennari, postulínshúðuð grillgrind. Grillflötur: 46x31 cm.
3000612

## ALLT FYRIR GARÐINN Á LÆGRA VERÐI!

15% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**38.245 kr**
~~44.995~~ kr
TEXAS
Sláttuvél TEXAS Razor 4610 með drifi
139 cc, sláttubreidd 46 cm, sláttukerfi 3in1, 6 hæðastillingar.
5085301

23% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**19.995 kr**
~~25.995~~ kr
BLACK & DECKER
Rafmagnssláttuvél EMAX32
1200W, 35 cm sláttubreidd, E-Drive mótor sem eykur kraftinn við álag.
5085160

21% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**14.995 kr**
~~18.995~~ kr
Nilfisk
Háþrýstidæla C110.4-5 X-TRA
110 bör, 440 l/klst., sjálfvirk ræsing/stöðvun, 5 m slanga.
5254233

Frábært verð
**4.995 kr**
IKRA mogatec
Rafmagnsorf IGT350
350W, 25 cm sláttubreidd, framlengjanlegt skaft.
5086616

25% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**5.995 kr**
~~7.995~~ kr
claber
Garðvagn
5081642

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

# Segir meirihlutann í borgarstjórn vera að plata um leiguíbúðir

**HÚSNÆÐISMÁL** Í umræðu um húsnæðismál ungs fólks í borginni á borgarstjórnarfundi í vikunni hitnaði borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins í hamsi.

Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna, sagði meirihlutann í borginni hafa svikið sitt helsta kosningaloforð sem var að 2.500 til 3.000 leiguíbúðir myndu rísa í borginni á innan við fimm árum.

„En hver er reyndin? Það er ekki búið að gera nokkurn skapaðan hlut. Þið voruð bara að plata. Þið ætluðuð aldrei að gera þetta. Þið ætluðuð bara að fara og telja hjá hverjum byggingaraðila í einkarekstri hvað hann væri að byggja. Þið fáið kosningaloforð lánuð hjá verktökum úti í bæ,“ sagði hann í ræðustóli.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sagði orð Halldórs honum til mikillar lítillækkunar og að það hefði alltaf komið skýrt fram í kosningabaráttunni að borgin ætlaði ekki að byggja sjálf íbúðir heldur gera það í samvinnu við öflug og gamalgróin byggingarfélög. „Það er örvæntingarfullur minnihluti sem gerir þetta enn að máli þegar það er margbúið að hrekja þetta.“

Áslaug Friðriksdóttir og Hildur Sverrisdóttir tóku undir orð oddvita síns, Halldórs.

„Það er ósanngjarnt að ýja að því að við sjálfstæðismenn séum með þrjóskuröskun í þessu máli,“ sagði Hildur og vildu þær Áslaug meina að mun fleiri en sjálfstæðismenn hefðu skilið kosningaloforðið með þessum hætti. **– ebg**

> Það er ósanngjarnt að ýja að því að við sjálfstæðismenn séum með þrjóskuröskun í þessu máli.
>
> Hildur Sverrisdóttir, borgarfulltrúi



> Það er örvæntingarfullur minnihluti sem gerir þetta enn að máli þegar það er margbúið að hrekja þetta.
>
> Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri





**Steinþór Pálsson Landsbankastjóri.**

## Aukagreiðslur ekki í myndinni

**VIÐSKIPTI** Ekki kom til álita af hálfu Landsbankans að óska eftir aukagreiðslum reyndist Borgun verðmætari en raunin varð þegar bankinn seldi 31,2 prósenta hlut í fyrirtækinu í nóvember 2014. Samkvæmt svari við fyrirspurn Bankasýslu ríkisins hefði það að líkindum leitt til þess að söluverðið yrði lægra.

Þá taldi Landsbankinn hlut sinn í Borgun vera 1,7 til 2,4 milljarða króna virði samkvæmt þremur sviðsmyndum sem bankinn teiknaði upp áður en hann seldi hlut sinn. Endanlegt söluverð nam 2,2 milljörðum króna. Samkvæmt nýlegu verðmati KPMG er hluturinn allt að 8 milljarða virði. Þá hafa 932 milljónir verið greiddar í arð til eigenda 31,2 prósenta hlutar í Borgun frá því Landsbankinn seldi sinn hlut. **– ih**

## Stór sæðisbanki með eggjabanka

**DANMÖRK** Danska fyrirtækið Cryos, sem er stærsti sæðisbanki heims, gerir nú ráð fyrir að opna eggjabanka utan Danmerkur eftir að ljóst varð að ekki verður leyft að stofna slíkan banka í Danmörku í nánustu framtíð.

Cryos hafði lengi undirbúið opnun eggjabanka í Danmörku um leið og viðskipti með egg yrðu leyfð. Nú skoðar fyrirtækið opnun eggjabanka þar sem skriffinnskan er minnst. Athugað er hvort það geti orðið í Tékklandi, á Spáni, Grikklandi, Bretlandi, Úkraínu eða jafnvel Svíþjóð. **– ibs**

# Útiloki svartolíu á norðurslóð

**Átta umhverfisverndarsamtök hvetja Norðurlöndin og Bandaríkin til að banna notkun svartolíu norðan heimskautsbaugs. Forsætisráðherra var sent bréf fyrir leiðtogafund Norðurlandanna og Bandaríkjanna.**



**Olía eirir engu þegar hún berst í hafið eða upp á strendur þar sem viðkvæmt lífkerfi er fyrir.** NORDICPHOTOS/AFP

**UMHVERFISMÁL** Náttúruverndarsamtök Íslands og Hafið – Öndvegissetur um sjálfbæra nýtingu og verndun hafsins, ásamt sex stórum alþjóðlegum umhverfisverndarsamtökum, hvetja Ísland, Bandaríkin og hin Norðurlöndin til að sameinast um að banna notkun svartolíu um borð í skipum norðan heimskautsbaugs.

Bréf þessa efnis var sent Sigurði Inga Jóhannssyni forsætisráðherra fyrir leiðtogafund Norðurlandanna og Bandaríkjanna sem haldinn var í Washington DC í síðustu viku. Þar er hvatt til þess að þjóðirnar taki forystu til að ná þessu fram og vinni að banni við notkun svartolíu með fulltingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), enda sé notkun hennar alvarleg ógn við lífríki norðurslóða.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir að áform um auknar siglingar um norðurhöf geri kröfur á aðildarríki Norðurskautsráðsins um að setja ströngustu reglur um mengunarvarnir, og þar á meðal að banna að skip brenni svartolíu.

„Brennsla svartolíu veldur mikilli losun á sóti sem eykur á gróðurhúsavandann; sótið sest á ísinn og þar með dregur hann í sig meiri hita í stað þess að endurvarpa honum aftur út. Með þeirri einföldu aðgerð að banna brennslu á svartolíu myndi það draga fljótt úr miklum vanda,“ segir Árni.

Í bréfinu er gerð grein fyrir þeirri staðreynd að við slys þar sem svartolía berst út í umhverfið sé skaðinn fyrir fiskistofna talinn fimmtíu sinnum meiri en ef um léttari skipaolíu er að ræða. Þess utan tekur það mun lengri tíma fyrir slíka olíu að leysast upp í umhverfinu – eða 20 daga í stað þriggja. Á norðurslóðum, og við lægra hitastig þar sem ís er fyrir, getur það tekið enn lengri tíma, segir í bréfinu og til viðbótar að slík uppákoma myndi hafa skelfilegar afleiðingar fyrir lífríkið og þau samfélög sem reiða sig á veiðar til lífsviðurværis. Vitað er að afleiðingar Exxon Valdez slyssins í Alaska árið 1989 á lífríkið voru merkjanlegar áratug síðar.

Fjöldi skipa sem sigla um norðurhöf á næstu árum mun margfaldast – en á sama tíma var 71 tilvik um óhöpp skráð árið 2015 á móti aðeins þremur tíu árum áður.

Þessi umleitun umhverfisverndarsamtakanna átta verður líka að skoðast í ljósi Parísarsamkomulagsins, og þess markmiðs að halda hlýnun jarðar innan 1,5 gráðum. Öll ríkin skrifuðu upp á það markmið þegar samningurinn var staðfestur 22. apríl síðastliðinn. Við það eitt að brenna léttari olíu í stað svartolíu myndi útblástur minnka um 30 til 80 prósent frá skipum sem hana nota í dag. **svavar@frettabladid.is**

> Með þeirri einföldu aðgerð að banna brennslu á svartolíu myndi það draga fljótt úr miklum vanda.
>
> Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands



### Áskorun átta samtaka

Erlendu umhverfisverndarsamtökin sem standa að áskoruninni ásamt Náttúruverndarsamtökum Íslands og Hafinu – Öndvegissetri um sjálfbæra nýtingu og verndun hafsins eru:

- Clean Air Task Force
- Environmental Investigation Agency
- Friends of the Earth
- Ocean Conservancy
- Pacific Environment
- WWF Global Arctic Program.




# Liðkað til fyrir komu erlends vinnuafls

**STJÓRNMÁL** Samtök iðnaðarins fagna nýju frumvarpi um útlendingalög sem liggja fyrir þinginu. Þverpólitísk þingmannanefnd sem Hanna Birna Kristjánsdóttir, þáverandi innanríkisráðherra, skipaði árið 2014 skilaði af sér tillögu að frumvarpi til ráðherra í haust.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra mælti svo fyrir frumvarpinu fyrir nokkrum vikum og er frumvarpið nú í umsagnarferli í allsherjar- og menntamálanefnd.

„Þetta er heildarendurskoðun á öllum útlendingalögunum þannig að þetta er stór og flókin löggjöf. Það er talsvert verið að skýra réttindi og skyldur einstaklinga en líka ríkisins,“ segir Óttarr Proppé, formaður nefndarinnar og þingmaður Bjartrar framtíðar, við Fréttablaðið.

Samtök iðnaðarins telja að í frumvarpinu felist mikilvægar breytingar sem liðka muni fyrir komu erlends vinnuafls til landsins auk þess sem frumvarpið leiði til meiri skilvirkni og sveigjanleika.



**Mestur skortur á erlendu starfsfólki er í verkefnum tengdum byggingariðnaði og ferðaþjónustu.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Á Íslandi er að byggjast upp öflugur iðnaður þar sem atvinnutækifæri eru mikil fyrir innlenda sem erlenda starfsmenn. Iðnaðurinn er að vaxa hratt og því fyrirsjáanlegt að íslenskt starfsfólk muni ekki geta mannað þær stöður til framtíðar,“ segir í umsögn Samtaka iðnaðarins.

Viðskiptaráð Íslands segir í sinni umsögn að ríki heims keppist um að bæta starfsskilyrði erlendra sérfræðinga. Mörg ákvæði frumvarpsins miði að því að bæta þjónustu við erlenda sérfræðinga. **– jhh**

# VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Á Hveravöllum rækta hjónin Páll og Heiðbjört íslenska tómata. Þar hefur sama fjölskyldan ræktað grænmeti óslitið frá árinu 1904. Þau búa að gamalli fjölskylduuppskrift að kryddsultu úr tómötum sem gott er að nota á brauð og kex.

**- Fjölskyldusulta Páls og Heiðbjartar -**

1 laukur // 4-6 tómatar // 1 græn paprika // 2 msk ólífuolía // ½ tsk cayenapipar
4 negulnaglar // 1 kanilstöng // ½ tsk af salti // 2 msk af hrásykri // 2 tsk af sítrónusafa.
Handfylli af söxuðum kóríander eða basil til að setja rétt undir lokin.

Skera grænmetið i litla bita. Hita olíuna og skella grænmetinu á pönnuna ásamt kryddum, sjóðið niður í 40-45 mín, hræra í annað veifið. eða þar til að allt er orðið vel maukað. Kæla niður. Fjarlægja negul og kanilstöngina. Njótið vel!








## Óeirðir í París



Óeirðalögreglan var send á vettvang í París í gær, þar sem fjöldi fólks mótmælti fyrirhuguðum breytingum á atvinnulöggjöf landsins. Kveikt var í lögreglubifreið. François Hollande forseti er staðráðinn í að knýja löggjöfina í gegnum þingið þrátt fyrir mikil mótmæli víða um land vikum saman. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Í mótmælasvelti vegna synjunar á dvalarleyfi

**Hjón frá Afríku með tvö ung börn verða send úr landi eftir tveggja ára dvöl. Annað barnanna er fætt hér á landi. Fjölskyldufaðirinn er í hungurverkfalli til að vekja athygli á aðstæðum fjölskyldunnar. Hann segir ekkert bíða þeirra ytra.**

**MANNRÉTTINDI** „Ég er algjörlega ráðalaus,“ segir Stephen Oyewole Ajemiare sem er kominn í hungurverkfall eftir að kærunefnd útlendingamála staðfesti synjun Útlendingastofnunar um dvalarleyfi hér á landi fyrir hann og fjölskyldu hans.

Stephen og eiginkona hans, Salome Esteves Garcia Buabonah, eiga þriggja ára son og eins og hálfs árs dóttur sem eru í leikskóla í Reykjanesbæ. Þau komu til Íslands 2014 og eignuðust dóttur sína hér í desember það ár.

Stephen er frá Nígeríu og Salome er frá Miðbaugs-Gíneu. Stephen er kristinn og Salome er múslimi. Mismunandi trú og uppruni eru meðal ástæðna þess að þau leita skjóls í Evrópu.

„Framtíð barnanna minna og eiginkonu er í húfi. Það er vont að upplifa sig svo ráðþrota gagnvart því. Það stendur til að flytja okkur til Afríku, við vitum ekki til hvors landsins en það skiptir ekki máli. Börn okkar eiga enga framtíð í Afríku, þau eru fædd í Evrópu og dóttir okkar hér á Íslandi,“ segir Stephen á öðrum degi hungurverkfallsins.

Salome er með sykursýki og þarf að sprauta sig fjórum sinnum á dag.



Stephen Oyewole Ajemiare með þriggja ára son sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Ég skil ekki af hverju yfirvöld hér átta sig ekki á stöðu okkar, við höfum þó reynt að útskýra hana vel en hver sem er getur áttað sig á því hversu erfitt að það er fara allslaus til annars lands með lítil börn.
>
> Salome Esteves Garcia Buabonah

„Verðum við send til Miðbaugs-Gíneu eða Nígeríu mun hún líklega ekki hafa ráð á meðferðinni,“ segir Stephen.

Salome segir líf þeirra hér á landi hafa gengið vel.

„Sonur minn hefur aðlagast vel í leikskólanum og þetta er gott samfélag. Ég skil ekki af hverju yfirvöld hér átta sig ekki á stöðu okkar, við höfum þó reynt að útskýra hana vel en hver sem er getur áttað sig á því hversu erfitt að það er fara allslaus til annars lands með lítil börn,“ segir Salome. – **kbg**

# ítalskir dagar




Bragðast ávallt eins og á ekta ítölskum veitingastað

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

**OETKER RISTORANTE**
457 kr/pk
verð áður 609



TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

**NAUTAHAKK**
1.815 kr/kg
verð áður 2.269

Norður ítölsk



TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

**NAUTASTEIK**
3.839 kr/kg
verð áður 4.799

Að ítölskum hætti



**GRÍSAFILE**
2.998 kr/kg




**Sacla pestó og pastasósur**
Ósvikið ítalskt bragð.




**Callipo túnfisk file**
Í vatni, ólífuolíu og extra virgin ólífuolíu.




**Segafredo kaffi**
Baunir, malað og púðar.




TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

**Il Boschetto Risotto**
Saffran og trufflu.



**Ítalskur gelato**
Ný bragðtegund - sítrónu.



TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

**Rustichella pasta.**
Ósvikið ítalskt pasta.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# NOTAÐIR BÍLAR TILBOÐ

BÍLALAND BÝÐUR NOKKRA BÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM!
KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN
BÍL Á FRÁBÆRU VERÐI!




HYUNDAI iX35
Nýskr. 10/14, ekinn 69 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.690.000

TILBOÐSVERÐ!
3.790 þús.




NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 02/14, ekinn 86 þús km.
dísil, beinskiptur.
Verð áður kr. 3.570.000
Rnr. 143079
TILBOÐ kr. 2.990 þús.




RENAULT CLIO EXPRESSION
Nýskr. 02/15, ekinn 36 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.690.000
Rnr. 151997
TILBOÐ kr. 2.390 þús.




RENAULT MEGANE SPORT TOU.
Nýskr. 12/13, ekinn 56 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.890.000
Rnr. 152025
TILBOÐ kr. 2.390 þús.




OPEL AMPERA
Nýskr. 08/12, ekinn 16 þús km.
rafmagn/bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.890.000
Rnr. 131695
TILBOÐ kr. 2.790 þús.




HYUNDAI i40 WAGON STYLE
Nýskr. 11/13, ekinn 140 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.890.000
Rnr. 283155
TILBOÐ kr. 2.990 þús.




HONDA ACCORD LIFESTYLE
Nýskr. 07/13, ekinn 35 þús km.
bensín, beinskiptur.
Verð áður kr. 3.290.000
Rnr. 143126
TILBOÐ kr. 2.790 þús.

WWW.BÍLALAND.IS

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is




# Greiða tvisvar til baka á tæpum fimm árum

**Ný rannsókn sýnir að flóttafólk styrkir efnahag Evrópuríkja svo mjög að innan fimm ára hefur það lagt af mörkum allt að tvöfaldan þann kostnað sem fylgir móttöku þess. Skýrsluhöfundur segir misskilning um flóttamenn útbreiddan.**

**FLÓTTAFÓLK** Þegar flóttafólk kemur til Evrópulanda fylgir því kostnaður í fyrstu, en innan fimm ára má búast við því að ríkin hafi fengið allan þann útlagða kostnað endurheimtan tvisvar sinnum.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá TENT-samtökunum, sem vinna að því að aðstoða flóttafólk og koma í veg fyrir að fólk sé á vergangi víða um heim.

Efnahagur ríkjanna styrkist við komu flóttafólks meðal annars vegna þess að hinir nýju íbúar skapa fleiri störf, auka eftirspurn eftir vörum og þjónustu, og auka skatttekjur ríkisins.

Samkvæmt tölum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem birtar eru í skýrslunni frá TENT, má búast við að kostnaðurinn við að taka á móti flóttafólki muni auka skuldir aðildarríkja Evrópusambandsins samtals um 68,8 milljarða evra á árabilinu 2015-2020.

Hins vegar muni þjóðarframleiðsla aðildarríkjanna aukast samtals um 126,6 milljarða evra á sama tímabili.

„Þannig mun hver evra, sem fjárfest er í aðstoð við flóttafólk, gefa af sér nærri tvær evrur í efnahagslegum ávinningi á innan við fimm árum,“ segir í skýrslunni.

Þetta er viðbótarhagvöxtur upp á 0,25 prósent á þessum fimm árum. Aukningin verður mest í þeim löndum, sem tekið hafa við flestu flóttafólki, nefnilega Austurríki, Svíþjóð og Þýskalandi. Hagvaxtaraukningin þar gæti numið 0,5-1,1 prósenti.



Fólk þvær af sér fötin í flóttamannabúðum við höfnina í Piraeus á Grikklandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**1,3**
**milljónir flóttamanna sóttu um hæli í ESB-ríkjum á árinu 2015, rúmlega tvisvar sinnum fleiri en árið áður.**

„Meginboðskapur þessarar rannsóknar,“ segir í skýrslunni, „er að bæði þeir sem móta stefnuna og þeir sem sjá um framkvæmdina ættu að hætta að líta á flóttafólk sem „byrði“ sem þurfi að skipta á milli sín, heldur frekar sem tækifæri sem beri að fagna.“

Höfundur skýrslunnar, Philippe Legrain, segir í viðtali við breska blaðið The Guardian að þessi misskilningur, að flóttafólk sé byrði á viðtökulöndunum, sé afar útbreiddur:

„Og þetta er ranghugmynd sem meira að segja þeir eru haldnir, sem eru hlynntir því að taka við flóttafólki, og telja að flóttafólk kosti mikið fé en það sé samt rétt að taka við því.“

Auknar byrðar af völdum flóttafólks séu aðeins til skamms tíma, því til lengri tíma litið styrki það efnahag ríkjanna. **gudsteinn@frettabladid.is**


REYKJAVÍKURBORG

Athafnaborgin



## Uppbygging í Reykjavík og góð borgarþróun

**Opinn fundur í Ráðhúsi Reykjavíkur föstudaginn 20. maí**

8:30 Húsið opnar – kaffiveitingar

**9:00 Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri:** Athafnaborg í örum vexti – uppbygging innviða og atvinnuhúsnæðis í Reykjavík

**10:05 Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs:** Að innleiða aðalskipulag – borg á breytingartímum

**10:20 Þorsteinn Hermannsson, samgöngustjóri:** Samgöngur í 300 þúsund manna borg

**10:45 Eric Holding, arkitekt og borgarhönnuður:** Creating a sense of place together

Reykjavíkurborg | Ráðhúsi Reykjavíkur - Tjarnargötu 11 | www.reykjavik.is | s. 411 11 11










OPIÐ ALLA DAGA
TIL KL 21:00

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# NEYTENDUR

## Ráð
**Heimilið**

### Straujaðu fyrst viðkvæmu flíkurnar

Mikilvægt er að hitastigið á straujárninu sé stillt í samræmi við hitann sem efnið í fatnaðinum þolir. Best er að byrja að strauja fyrst viðkvæmu flíkurnar sem þola ekki háan hita. Síðan er hægt að hækka hitann áður en bómullarflíkur og fatnaður úr hör er straujaður. Auðveldara er að strauja ef svolítill raki er í fatnaðinum. Ekki má gleyma að láta vatnið renna úr gufustraujárninu eftir að það hefur verið notað. Annars er hætta á að vatnið leki í gegn og skemmi straujárnið að innan.



## App
**Homestyler Interior Design**

Langar þig að breyta til heima en ert ekki alveg viss um hvaða litur passar best á veggnum eða hvort þú eigir að fá þér hornsófa? Með Homestyler Interior Design appinu tekurðu einfaldlega mynd með símanum af herbergi heima hjá þér og notar hana svo til að máta mismunandi liti á veggina, eða hvernig einhver ákveðinn stóll myndi passa inn hjá þér.

Þú þarft ekki að eyða óþarfa pening til að þróa innanhússhönnun heima hjá þér lengur. Architectural Digest hefur sagt að ekki sé hægt að lifa án þessa hönnunar-snjallsímaforrits.

# Góð ráð fyrir grillpartíið

**Huga þarf að réttri meðferð matvæla og notkun íláta þegar slá á upp grillveislu. Til að koma í veg fyrir krossmengun á ekki að nota sömu tangir og önnur áhöld fyrir grillaða matinn og notuð voru fyrir hráa matinn.**

Grillpartíið getur auðveldlega breyst í miður skemmtilega samkomu fái veislugestirnir illt í magann vegna þess að ekki hefur tekist vel til við grillið. Á vef Matvælastofnunar Íslands og sænsku matvælastofnunarinnar eru gefin ýmis góð ráð við grillun til að draga úr líkunum á matarsýkingu.

1 Mikilvægt er að kjöt sem hefur verið fryst sé orðið vel þítt þegar það er sett á grillið. Ef frostið er til dæmis ekki alveg farið úr kjúklingnum getur hann verið hálfhrár að innan þótt hann sé vel grillaður að utan. Þá er hætta á að bakteríur, sem gera verður ráð fyrir að séu í kjúklingnum, drepist ekki.

2 Á heilum kjötstykkjum og sneiðum eru bakteríur fyrst og fremst á yfirborði. Þær drepast þess vegna fljótt við grillun þótt kjötið sé ekki gegnsteikt. Bakteríur dreifast hins vegar um allt kjötið þegar það er hakkað. Þess vegna er nauðsynlegt að gegnsteikja hamborgara og aðra rétti úr hakki. Hið sama gildir um hráar pylsur.

3 Þegar kjötið hefur verið grillað á ekki að pensla það með kryddlegi sem það var í á meðan það var hrátt. Það geta nefnilega verið bakteríur úr kjötinu í kryddleginum. Það á heldur ekki að nota hann við sósugerð. Ef menn vilja nota kryddlöginn við sósugerð á að taka svolítið af honum til hliðar áður en kjötið er lagt í hann.

4 Til að koma í veg fyrir krossmengun á ekki að nota sömu tangir, hnífa, ílát og bretti og önnur áhöld fyrir grillaða matinn og notuð voru fyrir hráa matinn. Á sama hátt þarf að tryggja að kjötsafi af hráu kjöti berist ekki á hrásalat eða annað meðlæti.



**Mælt er með því að kjötinu sé aðeins snúið einu sinni þegar grillað er. Þá helst safinn í kjötinu betur í því.** NORDICPHOTOS/GETTY

5 Gleymdu ekki að þvo þér um hendurnar áður en þú ferð að handleika matinn. Það má heldur ekki gleyma að þvo sér strax um hendurnar eftir að hafa snert hrátt kjöt. Hætta á krossmengun minnkar verulega með handþvotti.

6 Brenni maturinn geta myndast skaðleg og krabbameinsvaldandi efni. Þess vegna er mikilvægt að skera frá alla brennda hluta áður en matvælanna er neytt.

7 Teflon á ekki að nota þegar grillað er, hvorki sem grillgrindur né áhöld. Teflon er úr efninu PTFE sem bráðnar við hitastig yfir 300 gráðum. Það er talið skaðlegt berist það í líkamann.

8 Það er góð regla að taka grillið í gegn á vorin og þrífa það almennilega. Jafnframt þarf að þrífa grillið eftir hverja notkun. Fita, sem setið hefur á grindum og lekið niður, brennur næst þegar grillað er og þá myndast skaðleg efni sem geta sest á matvælin.

ibs@frettabladid.is








**Upplýsingar um öryggiskröfur eru á vefsíðu Neytendastofu.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Leiktæki uppfylli öryggiskröfur

Víða má kaupa leiktæki sem ætluð eru til einkanota, svo sem í leikfangaverslunum, stórmörkuðum og byggingavöruverslunum, sem uppfylla ekki kröfur um öryggi leikvallatækja, að því er greint er frá á vef Umhverfisstofnunar.

Bent er á að upplýsingar um öryggiskröfur megi finna á vefsíðu Neytendastofu. Þar komi meðal annars fram að á leikvöllum þar sem kaðlar, háir kastalar og rennibrautir eru sé nauðsynlegt að vara við kyrkingar- og fallhættu. Þetta eigi við um öll leiktæki.

Bent er á að í þeim tilfellum þar sem keyptar hafi verið rólur sem ekki uppfylla kröfurnar megi í mörgum tilfellum auka öryggi þeirra með viðbótarbúnaði. Nánari upplýsingar má finna á vef Umhverfisstofnunar.

# DEBENHAMS




Opið til kl. 21:00 í kvöld

**GILDIR ÚT SUNNUDAG**

*Gildir ekki með öðrum tilboðum

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# VIÐSKIPTI



**Samdráttur hefur ríkt á lúxusvörumarkaði vegna kreppu í Kína.**

Frá sýningarpöllum Burberry á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Hagnaður Burberry dregst verulega saman

Breska tískufyrirtækið Burberry tilkynnti í gærmorgun að tekjur hefðu dregist saman um eitt prósent á síðasta ári og að hagnaður fyrirtækisins fyrir skatt hefði lækkað um sjö prósent milli ára.

Tilkynnt var að fyrirtækið ætlaði að lækka árlegan kostnað sinn um 100 milljónir punda, jafnvirði 18 milljarða íslenskra króna, meðal annars með því að einfalda framleiðsluferlið. Á sama tíma mun það fjárfesta fyrir 10 milljónir punda, 1,8 milljarða króna, á þessu ári og 25 milljónir punda, 4,4 milljarða króna, á næsta ári í verslunum og stafrænu umhverfi.

Forsvarsmenn Burberry segja tölurnar endurspegla erfitt ástand á lúxusvörumarkaði. Talið er að Kínverjar beri ábyrgð á 29 prósentum af heildarsölu á þeim markaði, og því hafi samdráttur í Kína á undanförnu misseri dregið verulega úr sölu. Frá árinu 2010 til 2014 óx lúxusvörumarkaðurinn um að meðaltali sjö prósent á ári. Forsvarsmenn Burberry telja þó að einungis nokkurra prósenta vöxtur verði á þeim markaði á næstu árum. – sg


# Æskulýðs-sjóður

Umsóknarfrestur **15. júní**

Lýst er eftir umsóknum um styrki úr Æskulýðssjóði. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

**Umsóknareyðublöð og leiðbeiningar er að finna á rannis.is. Umsóknum skal skilað inn á rafrænu formi fyrir kl. 17.00 mánudaginn 15. júní 2016.**

**Nánari upplýsingar veitir**
Andrés Pétursson,
andres.petursson@rannis.is,
sími 515 5833.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


### Hlutfall háskólamenntaðra af heildarfjölda atvinnulausra




*Fyrstu fjóra mánuði ársins **Heimild:** Vinnumálastofnun

### Þróun íslenskra miðgildistekna **Heimild:** Háskóli Íslands




# Þúsaldar-bölvunin virðist ríkja á Íslandi

**Hlutfall atvinnulausra með háskólamenntun hefur tvöfaldast frá hruni. Dósent við Hagfræðideild Háskóla Íslands segir stöðu háskólamenntaðra á vinnumarkaði fara versnandi. Ungt fólk fái lægri byrjunarlaun og ekki launahækkanir.**

„Ég held að nægilega mörg dæmi styðji það að háskólamenntaðir í dag hafi ekki sömu tækifæri og þeir höfðu áður, bæði hvað varðar val um starf og laun,“ segir Ásgeir Jónsson, dósent við Hagfræðideild Háskóla Íslands. Hann heldur fyrirlestur um stöðu ungs háskólafólks á vinnumarkaði á opnu málþingi BHM í dag.

Miðgildi tekna þeirra sem eru á milli tvítugs og þrítugs hefur lækkað verulega frá hruni, miðað við aðra aldurshópa. Samhliða því hefur hlutfall atvinnulausra með háskólamenntun tvöfaldast. Ásgeir telur að hægt sé að fullyrða að staða ungra háskólamenntaðra á vinnumarkaði á Íslandi sé orðin verri en hjá fyrri kynslóðum.

Ásgeir bendir á að vandamálið eigi ekki eingöngu við um Ísland heldur um heila kynslóð, „þúsaldarkynslóðina“ svokölluðu (e. millennials), sem er á aldrinum 18 til 35 ára í dag. „Þetta er ekki alveg jafn slæmt hér og í Bandaríkjunum þar sem miðgildi tekna er hið sama fyrir fólk og upp úr 1980,“ segir Ásgeir.

„Þessar ungu kynslóðir hafa verið að dragast aftur úr. Gögn benda til þess að þetta fólk fái lægri byrjunarlaun og að það hafi ekki fengið launahækkanir með auknum starfsaldri eins og hefur áður þekkst. Það

> **Ég held að höftin muni lækka ævitekjur ungs fólks allverulega.**
>
> Ásgeir Jónsson, dósent við Hagfræðideild Háskóla Íslands



> **Þau störf sem hafa orðið til á vinnumarkaði síðustu ár hafa verið þjónustustörf og afgreiðslustörf.**
>
> Karl Sigurðsson, sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun



virðist vera að fólk sé að fá minna sérhæfð störf, töluvert af störfum sem ungt fólk fær núna er í þjónustu-, verslunar- og veitingageiranum,“ segir Ásgeir.

„Það eru ýmsar skýringar á þessu, þetta tengist tæknibreytingum, minni framleiðni og lægra fjárfestingarstigi í vestrænum heimi eftir kreppu. Ég tengi þetta líka við höftin á Íslandi. Það getur eiginlega ekkert alþjóðlegt fyrirtæki starfað á Íslandi vegna þessara hafta, ég held að höftin muni lækka ævitekjur ungs fólks allverulega,“ segir Ásgeir.

Karl Sigurðsson, sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun, segir atvinnuleysi ungs háskólamenntaðs fólks vera áhyggjuefni. „Áherslan á háskólamenntaða hefur aukist smátt og smátt,“ segir Karl.

„Þróun hefur átt sér stað frá hruni. Ástæðan er tvíþætt, í fyrsta lagi fjölgar háskólamenntuðum á vinnumarkaði nokkuð hratt og þar af leiðandi er eðlilegt að þeim fjölgi á atvinnuleysisskrá líka samhliða, eða verði hærra hlutfall. Það er að hluta til skýringin. Þetta skýrist líka af því að þau störf sem hafa orðið til á vinnumarkaði síðustu ár hafa verið þjónustustörf og afgreiðslustörf, sem krefjast ekki slíkrar menntunar,“ segir hann.

Karl telur að færri störf hafi orðið til fyrir háskólamenntaða bæði vegna aðhalds hjá ríkinu hvað varðar heilbrigðis- og félagsþjónustu, og vegna minni nýsköpunar í atvinnulífinu. „Almennt hafa ekki orðið til nægilega mörg störf á fjölbreyttum vettvangi, nema í ferðaþjónustu og byggingariðnaði,“ segir Karl Sigurðsson. **saeunn@frettabladid.is**

# Fjármálafyrirtæki aðlagist eða hverfi

„Bankar þurfa að hugsa hvernig þeir komist af í nýjum heimi,“ segir fyrirlesarinn Rohit Talwar sem fjallaði um fjármálakerfi framtíðarinnar á Fjármáladeginum í síðustu viku. Tawlar segir gífurlegar tækniframfarir eiga sér stað í fjármálakerfinu og að fjármálafyrirtæki þurfi annaðhvort að aðlagast eða eiga á hættu að verða úrelt.

Tawlar bendir á að samkeppnisforskot banka á mörgum sviðum sé að hverfa. Til að mynda bjóði fyrirtæki á borð við Transferwise 300 prósent ódýrari greiðslumiðlun en alþjóðleg kortafyrirtæki.

„Það er auðveldara og ódýrara en áður að koma inn á markaðinn sem hefur í för með sér að nýir aðilar komi inn á hann, stórfyrirtæki á borð við Facebook, Google, Apple, jafnvel bílaframleiðendur, munu segja: Af hverju getum við ekki verið banki?“ segir Talwar.

Milliliðir í fjármálakerfinu muni fá minna í sinn hlut. „Það verður mun minni hagnaður í virðiskeðjunni, allir munu þéna minna og bankarnir munu þurfa að hugsa: Hvernig endurskÖpum við viðskiptamódel okkar í þessum heimi?“

Tækifærin fyrir fjármálafyrirtækin séu engu að síður víða, takist þeim að breyta hugarfari sínu, til að mynda geti bankar sinnt fimm til sexfalt fleiri viðskiptavinum í gegnum fjarbankaþjónustu miðað við hefðbundna bankaþjónustu.



**Rohit Talwar segir stórkostleg tækifæri að verða til í fjármálakerfinu.**

„Það verða stórkostleg tækifæri en þau verða öðruvísi en í dag. Eitt stærsta tækifærið er eitthvað sem enginn er að nýta í dag. Flestir bankar líta enn svo á að þeir sjái um peninga fólks, en þú og ég erum mun verðmætari en bara peningarnir okkar. Við söfnum flugpunktum, það er hægt að skipta á persónulegum upplýsingum, þú gætir viljað leigja út svefnherbergið þitt á Airbnb, geymsluna þína til Amazon eða stæðið þitt til þeirra sem vilja leggja þar eða vera bílstjóri hjá Uber hluta af degi,“ segir Tawlar.

„Það eru stórkostleg tækifæri fyrir þá sem hafa aðgang að þessu upplýsingaflæði, ég kaupi marga hluti, en bankinn er ekki að hjálpa,“ segir hann. Fyrirtæki á borð við Facebook og Google séu hins vegar að hugsa hvernig þau geti nýtt sér þessi tækifæri. – ih



Það sem svífur í loftinu
getur valdið öldrun húðar.
Mengunaragnir mun minni en
húðholur eru næstum alls staðar.
Clarisonic hreinsar mengun sem veldur ótímabærri öldrun 30x betur* en hreinsun með höndum eingöngu.
#1 Hreinsitækið sem húðsjúkdómalæknar í Bandaríkjunum mæla með.
HREINSUN MEÐ HÖNDUM
HREINSUN MEÐ CLARISONIC
Litaðar mengunaragnir sjáanlegar á húðinni.
*Myndin sýnir hreinsun mengunaragna, þar sést að Clarisonic hreinsar 30x betur en hefðbundin húðhreinsun
clarisonic
Við lofum að umbreyta húðinni þinni.
Clarisonic kynning
í Hagkaup Kringlunni og Smáralind
19. - 25. maí.
NÝJUNG:
Clarisonic Smart Profile er nýtt tæki sem má nota á andlit, líkama og fætur. Með tækinu fæst 11x betri hreinsun en með höndum eingöngu (hreinsar mengun 30x betur), opnar húðholur dragast saman, húðin verður þéttari og jafnari ásamt því að hún tekur betur við virkum efnum úr húðvörum.
20% afsláttur af öllum
Clarisonic vörum á kynningu.
clarisonic
DEEP PORE
DEEP PORE DAILY CLEANSER
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Hátindar á ferli Helga – San Francisco ballettinn
@ Harpa, Eldborg – 5 sýningar



UR_ – Kammerópera eftir Önnu Þorvaldsdóttur
@ Harpa, Norðurljós – 4. júní, kl. 20:00



Berlinde De Bruyckere
@ Listasafn Íslands – 21. maí – 4. september



Ashkenazy ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands
& verðlaunapíanistanum Jean-Efflam Bavouzet
@ Harpa, Eldborg – 25. maí, kl. 19:30



Mistakasaga mannkyns
@ Gamla bíó – 2. júní, kl. 20:00



Play – Sidi Larbi Cherkaoui & Shantala Shivalingappa
@ Þjóðleikhúsið, Stóra sviðið – 31. maí, kl. 19:30



The Mosaic Project – Terri Lyne Carrington
@ Harpa, Eldborg – 5. júní, kl. 20:00

№30 2016
Reykjavík Arts Festival

# Icelandair Hotels
## Stoltur bakhjarl Listahátíðar

21. maí — 5. júní

Miðasala og dagskrá
á www.listahatid.is



FlexN Iceland
@ Brim-húsið – 21. maí, kl. 20:00

Commissioned
and produced
by Manchester
International Festival

Stofnaðilar og bakhjarlar Listahátíðar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið · Reykjavíkurborg · TVG-ZIMSEN Flutningsmiðlun · Icelandair Hotels · GAMMA

Lárusson Hönnunarstofa

# Steypa leiðrétt



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Stundum er borin á borð slík vitleysa í opinberri umræðu að manni fallast hreinlega hendur og veit ekki hvar maður á að byrja. Skrif af þessu tagi birtust í þessu blaði á dögunum í greininni „Hin stóra flétta hrægammastjórnarinnar“.

Höfundarnir, Lýður Árnason læknir og Þórður Már Jónsson lögmaður, halda því fram að Íslendingar hafi að stórum hluta keypt kröfur í slitabú föllnu bankanna á eftirmarkaði og til þess hafi verið notað fé úr skattaskjólum. Engra heimilda er getið enda eru þessar staðhæfingar rangar. Kröfuskrár fyrir alla bankana liggja fyrir og samkvæmt ítarlegri greiningu Seðlabankans eru útlendingar raunverulegir eigendur um 95 prósenta allra krafna í slitabúin. Það voru bandarískir vogunarsjóðir sem voru fremstir í flokki við kaup á kröfum á eftirmarkaði. Þessir sjóðir og félög í eigu þeirra eru í dag stærstu hluthafar fyrirtækjanna sem reist voru á grunni föllnu bankanna eftir nauðasamninga.

Þá er því haldið fram að ríkissjóður hafi farið á mis við 300 milljarða króna „vegna þess að ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks ákvað að semja við kröfuhafa um stöðugleikaframlög í staðinn fyrir að leggja á stöðugleikaskatt“. Að sama skapi hefðu kröfuhafarnir hagnast um þessa sömu fjárhæð. Stöðugleikaframlögin skila ríkissjóði allt að 500 milljörðum króna. Með þessum framlögum komu fjármunir til ríkisins sem voru ekki fastir í hendi og fáir töldu raunar að hægt væri að fá frá slitabúunum. Samtímis var kröfuhöfum gert skylt að tryggja langtíma fjármögnun nýju bankanna í erlendri mynt. Þá var málsóknaráhætta ríkissjóðs sem fylgdi stöðugleikaskattinum aftengd og tvær flugur þannig slegnar í einu höggi.

Í greininni var líka fullyrt að í fyrirhuguðu aflandskrónaútboði Seðlabankans myndu „íslenskir hrægammar“ geta skipt krónum sínum og „fá í staðinn gjaldeyrisvarasjóð Íslands sem mun þá að öllum líkindum enda í skattaskjólum“. Í fyrsta lagi er hluti forðans notaður í fyrirhuguðu útboði sem getur náð til allt að 300 milljarða aflandskrónaeigna en gjaldeyrisforði Seðlabankans var 736 milljarðar króna í lok mars. Í öðru lagi eru þetta ekki einkum Íslendingar sem taka þátt enda eru eigendur aflandskróna að stærstum hluta fjórir erlendir fjárfestingarsjóðir sem munu þurfa að þola tuga prósenta afföll krónueigna sinna. Í þriðja lagi stefna stjórnvöld að því að samtímis útboðinu fái Seðlabankinn stjórntæki, að öllum líkindum bindiskyldu, til að stemma stigu við innflæði kviks áhættufjármagns.

**Kröfuskrár fyrir alla bankana liggja fyrir og samkvæmt ítarlegri greiningu Seðlabankans eru útlendingar raunverulegir eigendur um 95 prósenta allra krafna í slitabúin.**

Össur Skarphéðinsson alþingismaður deildi umræddri grein á Facebook í vikunni. Það segir mér enginn að Össur viti ekki betur enda hefur hann sem þingmaður fylgst náið með þessari vinnu allri frá upphafi. Það er að mínu mati óábyrgt af alþingismönnum að afvegaleiða umræðu um mikilvæg mál. Barack Obama sagði við útskriftarathöfn í Rutgers-háskóla sl. laugardag að í stjórnmálum og í lífinu sjálfu gilti sama lögmálið, fáfræði væri ekki dyggð. Það er ábyrgðarhluti að kynna rugl sem staðreyndir. Maður gerir líka þá kröfu til menntaðs fólks að það kynni sér málin áður en það ryðst fram á ritvöllinn.




**Staðsetning: Húsnæði ÍSÍ Laugardal Engjavegi 6**
**Fimmtudaginn 19. maí kl 19.30**

Fyrirlesarar:
- **Þorvaldur Skúli Pálsson**, doktor í sjúkraþjálfun við Háskólann í Álaborg
- **Steffan Christensen** doktorsnemi í sjúkraþjálfun við Háskólann í Álaborg
- **Sigríður Zoega**, sérfræðingur í hjúkrun á Landspítala Háskólasjúkrahúsi

Frítt inn og allir velkomnir, sérstaklega þeir sem glíma við langvinna stoðkerfisverki

Sambærilegt fræðslukvöld verður haldið á Akureyri mánudaginn 23. maí kl 20.00 á Bjargi endurhæfingu (Sjálfsbjörg) Bugðusíðu 1.

FÉLAG SJÚKRAÞJÁLFARA

## Halldór




## Frá degi til dags

**Yngstu kjósendurnir**

Eftir að Ólafur Ragnar Grímsson lýsti því yfir í nýársávarpi að hann hygðist ekki gefa kost á sér í forsetaembættið að nýju var umræðan um forsetakosningarnar fremur óspennandi. Með framboði Guðna Th. Jóhannessonar og Davíðs Oddssonar gjörbreyttist landslagið. Það er án efa erfitt fyrir mann sem kominn er á miðjan aldur, eins og Guðna, að nálgast yngstu kjósendurna sem eru á framhaldsskólaaldri. Það er vafalítið enn erfiðara fyrir Davíð, sem kominn er á eftirlaunaaldur, að leika þann leik. Sá gamli er þó ekki dauður úr öllum æðum. Hann mætti í tvö fjölmiðlaviðtöl í gær sem bæði beindust að yngstu kjósendunum, og komst nokkuð vel frá þeim.

**Strembin stjórnarmyndun**

Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri, veltir fyrir sér möguleikanum á samstarfi VG og Sjálfstæðisflokksins að loknum kosningum í færslu á vef sínum. Allar líkur eru á að núverandi stjórnarflokkar nái ekki að halda meirihluta. Skoðanakannanir benda hins vegar til að VG og Sjálfstæðisflokkurinn nái meirihluta. Styrmir bendir á að flokkarnir eigi meira sameiginlegt en virðist í fyrstu. Formann VG skortir þó fullkomlega áhuga á samstarfi við sjálfstæðismenn. Haustkosningarnar verða spennandi. Og stjórnarmyndunin ekki síður. jonhakon@frettabladid.is

# Nýir tímar á gömlum grunni



**Magnús Orri Schram**
varaþingmaður og frambjóðandi til formanns Samfylkingarinnar

Brýn verkefni bíða næstu ríkisstjórnar: Gjaldfrjáls heilbrigðisþjónusta, aukin hlutdeild almennings í auðlindaarðinum, ný stjórnarskrá, jafnrétti til náms, úrbætur í húsnæðismálum og efling atvinnulífs sem skapar fjölbreytt störf fyrir fólk sem flýr nú land. Um þessi verkefni getur stjórnarandstaðan sameinast og myndað bandalag fyrir næstu kosningar. Við erum sammála um brýnustu verkefnin. Næstu kosningar snúast um valið milli sérhagsmuna og almannahagsmuna. Íhald eða umbætur. Kyrrstöðu eða framþróun.

Fyrir sextán árum sameinaðist fólk um grunngildin, um aukinn jöfnuð, lýðræðisumbætur, femínisma og frjálslyndi. Verkefnið sem þá hófst var kennt við samfylkingu. Nú þarf að stilla saman strengi þessara afla á nýjan leik og skapa valkost við hægri-íhaldsstjórn. Á grundvelli samvinnu eigum við að stækka hópinn og ná betri árangri.

Stjórnmálaflokkar eiga að vera í sífelldri þróun. Nútímaleg hreyfing á að vera hópur fólks sem er sammála um grunngildi en notar opna og lýðræðislega farvegi til samtals og ákvarðanatöku. Samskiptamiðlar og flæði upplýsinga opna fyrir betri tengsl grasrótar og þingmanna. Þannig opnast sífellt fleiri möguleikar til að nýta visku fjöldans til ákvarðanatöku.

Þá eiga stjórnmálahreyfingar að opna sig betur fyrir almenningi. Skrifstofa stjórnmálahreyfingarinnar á að vera á jarðhæð við fjölfarna götu þar sem er vítt til veggja og hátt til lofts. Dýnamískt umhverfi með kaffihúsi og félagsmiðstöð. Einhvers konar nýsköpunarhús stjórnmálanna. Neistaflug og nýjungar. Stjórnmálahreyfingar mega ekki staðna heldur eiga þær sífellt að leitast við að ná sem bestu sambandi við almenning.

**Á grundvelli samvinnu eigum við að stækka hópinn og ná betri árangri.**

Ég vil að jafnaðar- og félagshyggjufólk horfi til framtíðar og marki sér nýtt upphaf á nýjum forsendum. Þannig megi laða að nýtt fólk með hugmyndir. Ég hef talað fyrir nýju nafni á endurnýjaðri hreyfingu. Það er ekki aðalatriðið en er eðlilegur og sjálfsagður hluti engu að síður. Það sendir skýr skilaboð til umhverfisins og til okkar sjálfra um að við ætlum okkur að byrja á nýjum stað. Stjórnmálahreyfing jafnaðar- og félagshyggjufólks mun ætíð vera til. Nú tel ég tímabært að gera breytingar á starfi hennar og þróa hana áfram.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Gagnsleysingjar

**Í DAG**



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Menn gera mismikið gagn hver á sínum vettvangi. Allir þekkja þetta. Flestir gera gagn. Suma langar að gera gagn en þeir valda því ekki, kunna ekki tökin, hafa e.t.v. ekki verksvit, flækjast bara fyrir. Aðrir hafa jafnvel ekki löngun til að gera gagn, ekki frekar en unglingur sem nennir ekki að taka til í herberginu sínu. Gagnsleysingjar eru ýmist virkir eða óvirkir. Ekki er langur vegur frá virkum, skeleggum gagnsleysingjum til einbeittra skemmdarvarga, en látum þá liggja milli hluta að sinni. Hér skulum við skoða virka og óvirka gagnsleysingja á vettvangi stjórnmálanna.

**Gegn umbótum á fyrri tíð**

Byrjum á einföldu dæmi svo ekkert fari á milli mála. Þeir sem börðust gegn afnámi þrælahalds á sinni tíð voru gagnsleysingjar. Þeim bar að sjá og skilja að þrælahald var rangt og hlaut því að víkja fyrir frelsi. Þeim bar að sjá að barátta þeirra gegn afnámi þrælahalds var leiktöf sem olli ómældum þjáningum og kostaði t.d. 620.000 bandarísk mannslíf í borgarastyrjöldinni 1861-1865.

Þeir sem börðust gegn Jóni Sigurðssyni forseta og umbótastarfi hans hér heima voru yfirleitt gagnsleysingjar, sumir óvirkir, þvældust bara fyrir, en aðrir voru virkir eins og Grímur Thomsen skáld sem beitti sér af miklu afli í baráttunni gegn Jóni, jafnvel út yfir gröf og dauða. Grímur birtist ljósklæddur í útför Jóns og Ingibjargar og sagði þá: „Ég vildi sjá hann grafinn.“ Grímur var að sönnu gott skáld en hann var gagnslaus í íslenzkri pólitík, allur á bandi Dana. Ég tel andstæðinga dr. Valtýs Guðmundssonar um aldamótin 1900 að ýmsu leyti verðskulda sömu gagnsleysiseinkunn og andstæðingar Jóns forseta eins og ég hef áður lýst, en það er flóknara mál.

**Sérstaða VG**

Nútíminn vitnar um hliðstæða gagnsleysingja. Hér verður eitt dæmi látið duga. Dæmið er valið af góðum hug þótt það muni vísast strjúka sumum lesendum mínum andhæris. Svo verður þá að vera. Dæmið helgast af því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð (VG) hefur þá sérstöðu meðal flokka á Alþingi að forverar flokksins tóku engan þátt í hermanginu, þingmenn flokksins hafa þegið lítið fé af fyrirtækjum skv. skýrslum Ríkisendurskoðunar, enginn þeirra birtist á lista rannsóknarnefndar Alþingis yfir tíu þingmenn sem skulduðu bönkunum 100 m.kr. eða meira hver um sig fyrir hrun, og þeir koma hvergi fyrir í Panama-skjölunum. Ætla mætti að flokkur með svo skýra sérstöðu í spillingarflórunni gengi óhræddur til leiks og hikaði ekki við að bjóða sérhagsmunahópum byrginn í samræmi við stefnu sína og sögu. Því er þó ekki að heilsa. Vandinn þekkist einnig í öðrum löndum. Vinstri flokkar annars staðar í Evrópu sæta ámæli fyrir að hafa brugðizt hugsjónum sínum, vanrækt gömul tengsl við vinnandi fólk og breytzt í hagsmunasamtök stjórnmálamanna.

**Gegn umbótum nú**

Skoðum nú málið lið fyrir lið, minnug þess að VG gerði ýmislegt gagn í ríkisstjórn með Samfylkingunni 2009-2013 og í samráði við AGS.

- Löngu tímabærum skipulagsumbótum í landbúnaðarmálum til að lækka matarverð hefur VG aldrei sýnt neinn áhuga, ekki einu sinni eftir hrun þegar fátækar fjölskyldur þurftu á matargjöfum að halda í áður óþekktu umfangi meðan a.m.k. einn kjúklingabóndinn hafði komið sér fyrir í skattaskjóli á Möltu. Þrjú til fjögur nauðungaruppboð hafa verið haldin á hverjum degi að jafnaði frá hruni, margir misstu heimili sín, en þingmenn VG sáu ekki ástæðu til að sinna tillögum um lækkun matarverðs í krafti aukinnar samkeppni.
- Réttlátri hlutdeild þjóðarinnar í arðinum af sjávarauðlindum sínum hefur VG ekki heldur sýnt neinn áhuga eins og ráða má af því að ríkisstjórn Samfylkingarinnar og VG 2009-2013 lét málið afskiptalaust þvert á fyrri fyrirheit. Þótt 83% kjósenda lýstu stuðningi við auðlindir í þjóðareigu í þjóðaratkvæðagreiðslunni um nýju stjórnarskrána 2012 lyfti þingflokkur VG ekki fingri henni til bjargar í þinginu 2012-2013 eins og Þráinn Bertelsson þv. þingmaður VG hefur lýst í *Tímariti Máls og menningar*.
- VG hefur ekki tekið undir tillögur um varnir gegn lausagöngu búfjár þótt ofbeit á almenningum og uppblástur af hennar völdum hafi löngum verið ein alvarlegasta umhverfisplága landsmanna. Nýja stjórnarskráin tekur á vandanum, en þingmenn VG láta sér fátt um finnast.
- VG lét það viðgangast í ríkisstjórn 2009-2013 að tillaga til þingsályktunar um rannsókn á einkavæðingu bankanna var ekki samþykkt fyrr en eftir dúk og disk og henni var ekki hrundið í framkvæmd, enda örlar ekki enn á þeirri rannsókn sem þingið kvað á um.
- Þótt fyrir liggi skriflegir vitnisburðir um ólöglegar símahleranir fram á síðustu ár sjást þess engin merki að innanríkisráðherra VG 2009-2013 hafi reynt að lyfta hulunni af meintum lögbrotum. Voru sumir samherjar hans í VG þó væntanlega meðal fórnarlambanna.
- Þótt fyrir liggi vitnisburðir um 900 fölsuð málverk í umferð sjást þess engin merki heldur að menntamálaráðherra VG, nú formaður flokksins, hafi látið málið til sín taka í ráðherratíð sinni, heldur lét hún duga að fá samþykkta þingsályktunartillögu um málið þegar hún var komin í öruggt skjól í gagnslausri stjórnarandstöðu 2013-2014. Ætli þeirri þingsályktun verði hrundið í framkvæmd frekar en hinni fyrri um bankana?

**Gagnsleysisstefnan**

Aðrir flokkar á Alþingi hafa ekki heldur úr háum söðli að detta, rétt er það, nema Píratar sem hafa heitið því að hafa hraðar hendur við að staðfesta nýju stjórnarskrána. Vinur minn einn, virtur sagnfræðingur, segir: „Ég hef fylgst náið með stjórnarskrárferlinu, virði hugsjónafólkið sem vill ganga lengst, en líka þá sem vilja miðla málum í anda raunsæis og áfangasigra.“ Í sönnum anda gagnsleysisstefnunnar virðist hann halda bæði með lambinu og ljóninu, bæði með Jóni forseta og Grími Thomsen. Ég vona hann nái áttum. Þessi grein er eiginlega opið bréf til hans.

OUTLETSPRENGJA

40-90%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM VÖRUM
19.-21. MAÍ





BIRGIR
8.750 kr. ~~24.990 kr.~~
GOLF BUXUR



STEINGRÍMUR
27.993 kr. ~~74.990 kr.~~
ÞRIGGJA LAGA SKEL






YLFA 6.993 kr. ~~15.990 kr.~~
BARNAJAKKI ÚR MJÚKRI SKEL

ARNDÍS 13.993 kr. ~~48.990 kr.~~
PRIMALOFT JAKKI

RÍKHARÐUR 700 kr. ~~2.990 kr.~~
BOLUR

Fimmtudag - Föstudag ........ 10 - 18
Laugardagur ........ 10 - 16

CINTAMANI OUTLET
Austurhraun 3, Garðabæ | www.cintamani.is

# Framtíðarstjórnin



**Helgi Hjörvar**
þingmaður Samfylkingarinnar

**Samfylkingin á að segja skýrt að atkvæði greitt flokknum sé atkvæði með samstarfi við félagshyggjuflokka.**

Samfylkingin var stofnuð til þess að hugsjónin um jöfnuð, frelsi og samábyrgð yrði sterkt afl í íslensku samfélagi. Hvort sem flokkurinn hefur mælst stór eða lítill hef ég talað fyrir samstarfi við önnur félagshyggjuöfl. Því að það þarf meirihluta til að stjórna.

Til að kjósendur hafi skýran valkost er samstaða stjórnarandstöðuflokkanna mikilvæg fyrir komandi kosningar. Það á ekki að bjóða kjósendum upp á baktjaldamakk eftir kjördag. Samfylkingin á að segja skýrt að atkvæði greitt flokknum sé atkvæði með samstarfi við félagshyggjuflokka en ekki við Sjálfstæðisflokkinn sem er ósamstarfshæfur vegna spillingarmála. Þá þurfum við að ná saman við aðra fyrir kosningar um hvernig stjórnarskrármálinu verði komið í heila höfn, svo að því megi treysta að ný ríkisstjórn ljúki því lykilverkefni.

### Til lengri tíma

Algjör umskipti urðu í efnahags- og atvinnumálum á síðasta kjörtímabili sem margir njóta nú, þótt skiptingin þyrfti að vera jafnari. Af því getum við verið stolt, og verðum að muna að ekki verður allt gert á einu kjörtímabili. Til að endurvekja traust eigum við að einbeita okkur að fáum, stórum og aðkallandi verkefnum á stuttu kjörtímabili. Um leið hefjum við stefnumörkun og undirbúning framfaramála á sem flestum sviðum. Þau koma til framkvæmda í framhaldinu. Með því að hafa fyrsta kjörtímabilið stutt sýnum við það í verki að við vinnum málefnanna vegna en ekki valdanna. Mest er þó um vert að mynda ekki stjórn til einnar nætur eða eins kjörtímabils.

### Brýnustu málin

Kosningarnar í haust snúast að verulegu leyti um heilbrigðismál og jöfnuð. Þrátt fyrir óhjákvæmilegan niðurskurð á síðasta kjörtímabili tókst með samstilltu átaki heilbrigðisstarfsfólks og stjórnvalda að verja gæði þjónustunnar. Nú sýna mælikvarðar annað. Við blasir skortur á almennri heilsugæslu, úr sér genginn Landspítali, alltof mikill kostnaður sjúklinga og krafa tugþúsunda um aukinn hlut heilbrigðisþjónustu í fjárlögum.

Til að standa undir aukinni velferð þarf að tryggja að samfélagið fái eðlilegan arð af sameiginlegum auðlindum og að efnafólk leggi meira af mörkum. Aukinn jöfnuður stuðlar að heilbrigðum vexti og vinnur gegn sóun. Einnig þarf að tryggja með lögum að aldraðir og öryrkjar fái sömu hækkanir og aðrir á sama tíma.

Auk stjórnarskrárinnar á þjóðin líka að fá þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna við ESB sem hún var svikin um eftir síðustu kosningar. Lýðræðisumbætur má raunar hefja strax þar sem samstaða er um að lögfesta rétt almennings til að krefjast þjóðaratkvæðis um ákvarðanir Alþingis. Meðfram slíku ákvæði mætti afnema með lögum möguleikann á endalausu málþófi sem er þarflaus neyðarhemill ef fólkið í landinu getur hafnað málum. Þá myndi loks skapast starfhæft þing þar sem mál eru rædd og afgreidd eins og hjá siðuðu fólki.

### Jöfnuður og réttlæti

Við eigum að ræða hvaða áföngum er hægt að ná strax og um leið hvaða mál þarf að vinna á lengri tíma. Fátækt barna, launajafnrétti, jafn réttur til náms og mannréttindi fatlaðs fólks eru dæmi um mál sem ekki verða leyst á einu kjörtímabili en mega ekki kyrr liggja. Fjármálakerfi fyrir fólk er einnig langtímaverkefni og við eigum að leita tillagna færustu sérfræðinga til að ná vaxtaokrinu niður. Við þurfum mennta- og atvinnustefnu um fleira en að flaka fisk og túrista svo fjölbreytt störf skapist fyrir nýjar kynslóðir. Gjaldtaka af ferðamönnum til verndar náttúruperlum er gott dæmi um knýjandi verkefni sem ljúka má á fyrsta kjörtímabili, en friðlýsing miðhálendisins og árangur í loftslagsmálum tekur lengri tíma. Allt þetta og fleira til þarf framtíðarstjórnin að láta sig varða. Vegna þess að afl okkar sækjum við ekki til sérhagsmunaaflanna. Við sækjum það með lifandi þróun hugmynda um framfaramál fyrir almenning. Það sem skiptir máli er árangur. Með gagnsæi og heilindi að vopni náum við árangri í baráttu við spillingu, og með jafnaðarstefnuna að leiðarljósi gerum við Ísland að réttlátara samfélagi.

# Svín í verksmiðjubúskap



**Guðrún Eygló Guðmundsdóttir**
hjúkrunarfræðingur og áhugamaður um dýravernd

Í sumar á RÚV voru sýndar myndir af gyltum á básum og það fór allt á hvolf í samfélagsmiðlunum. Fáum hafði dottið í hug þrengslin og hörmungin sem þessar vesalings skepnur búa við. Þeirra veruleiki er að vera útungunarvélar, ekkert annað. Þær fá ekki að þefa af grísunum og þeir fara á spena í gegnum járngrindur. Þannig grindur eru ólöglegar í Svíþjóð og Bretlandi frá 2013 og í ESB fyrir utan fyrstu fjórar vikur meðgöngunnar.

Ekkert svínabú á Íslandi uppfyllti kröfur um bættan aðbúnað gylta árið 2014 samkvæmt skýrslu Matvælastofnunar. Í reglugerð um velferð dýra frá 1.1. 2014 er bannað að hafa gyltur á básum nema á fengitíma og í kringum got en svínabændur fá samt allt að 10 ára aðlögunartíma! Ótrúlegt! En þrátt fyrir alla umræðuna, öll stóru orðin sem féllu þá var metsala í sölu svínakjöts í október. Við hefðum átt að bindast samtökum og kaupa ekki svínakjöt nema aðbúnaðurinn verði bættur og krefjast upprunamerkingar svo hægt verði að sniðganga afurðir þeirra framleiðenda sem fara illa með dýrin sín.

Þetta er bara smáinnlegg í baráttuna um velferð dýra. En það er af nægu að taka, t.d. geldingu grísa án deyfingar, halaklippingar, o.m.m.fl.

En það eru samt til bændabýli þar sem gylturnar hafa meira rými og geta aðeins hreyft sig. Ég skora á þá bændur að láta í sér heyra og hvort það sé hægt að versla við þá beint frá býli.

Fyrir þá sem vilja fræðast meira er hægt að fara inn á www.velbu.is, það eru samtök sem berjast fyrir velferð dýra í búskap.

TAX FREE DAGAR
AF ÖLLUM FATNAÐI
TAX FREE JAFNGILDIR 19,36% VERÐLÆKKUN. DAGANA 19. – 22. MAÍ 2016. GILDIR EKKI UM VÖRUR Á ÁÐUR LÆKKUÐU VERÐI. *GILDIR AÐEINS Á FATNAÐI.
ALLT FYRIR HLAUP, SUND, LÍKAMSRÆKT, FÓTBOLTA OG ÚTIVIST*
19.-22. MAÍ
INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 17. SUN. 13 - 17.
INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
SPORT TO THE PEOPLE
INTERSPORT®



Nói Síríus kynnir:
Nóa Lakkrís
Síríus Rjómasúkkulaði
NÓA
Lakkrís
RJÓMAPERLUR
EINSTÖK ÁSTARSAGA
Þegar tvær íslenskar hetjur sameinast gerist eitthvað stórkostlegt.
Nóa Lakkrís er ekta íslenskur lakkrís. Hann er sætur og kröftugur í senn. Hann er lungamjúkur, með djúpu lakkrísbragði og anísundirtóni, sem tryggir þér alveg einstaka bragðupplifun. Síríus súkkulaði þekkja Íslendingar vel og hafa átt í ástarsambandi við um árabil. Hið silkimjúka Síríus rjómasúkkulaði bráðnar uppi í þér og í Nóa Rjómaperlum umlykur það mjúkan lakkrísinn, sem er einmitt þróaður til að fara einstaklega vel með súkkulaði. Saman mynda Nóa Lakkrís og Síríus rjómasúkkulaði einstakt par sem þú átt hreinlega eftir að elska.
NÚ Í VERSLUNUM NÁLÆGT ÞÉR
NÓA
Lakkrís
Rétta bragðið
cocoa HORIZONS
Sjálfbærni - Samfélagsábyrgð

# KRÓNAN

-21%

# Ferskt alla daga

379 kr. kg

Verð áður ~~480~~ kr. kg

Rauð paprika, Spánn

-20%

469 kr. pk.

Verð áður ~~589~~ kr. pk.

Pink Lady epli 8 stk. Frakkland

# KRÓNAN

-15%

319 kr. stk.

Verð áður ~~379~~ kr. stk.

Tagliatelle pakki. **Pestó** rautt, grænt, með chili og hvítlauk, valhnetu og pipar og ítölskum kryddjurtum. **Pastasósa** með tómat og basil-, chili- og hvítlauk.

## Jamie Oliver

**15% afsláttur af völdum vörum!**

-15%

209 kr. stk.

Verð áður ~~249~~ kr. stk.

Spaghetti, lasagneplötur, Penne og Fusilli pasta.

## Viltu vinna!

**Verslaðu Jamie Oliver vöru**

### ...og þú gætir unnið - sælkeraferð til London

- Flug og hótel fyrir tvo/3 nætur
- 250 pund í peningum
- hádegismat á Jamie Oliver's Italian
- kvöldverð á Jamie Oliver's Fifteen

**Nánar á kronan.is**

# KRÓNAN

Nýtt!




389 kr. stk.
Fabrikkusósan, 300ml.




1499 kr. pk.
2x hamborgari og brauð.
Ostur, krydd og sósa fylgir líka með.

# Fabrikkan á heima í Krónunni




## 100% hamborgarabúðin þín

90g - 469 kr. pk.
120g - 599 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.

alltaf 2 stk. í pakka

949 kr. pk.
Grillborgarar með brauði 4stk.
Gott verð!



ÍSLENSKA
HAMB ORGARA FABRIK KAN
2010




2169 kr. stk.
Skyrterta Fabrikkunnar


KRÓNAN
-36%
Úrbeinaðar grísakótilettur
Hvítlauks marinering
New York marinering
Ítölsk marinering
1459 kr. kg
Verð áður 2280 kr. kg
Lúxus úrbeinaðar grísakótilettur, Spánn
Marinerað af kjötmeistara Krónunnar
New York marinering
3999 kr. kg
4666 kr. kg
Íslenskt lambafile
Hvítlaukur og rósmarín
Kollagrill marinering
TILBOÐIN GILDA TIL 22. MAÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS




Hrafnhildur með silfurverðlaunin sem hún fékk á EM í London í gær. Þetta eru fyrstu verðlaun íslensks sundmanns á EM í 50 metra laug. MYND/HÖGNI BJÖRN ÓMARSSON

# Gaf allt sem ég átti í sundið

**Hrafnhildur Lúthersdóttir náði sögulegum árangri þegar hún vann til silfurverðlauna á EM í sundi í London í gær, á nýju Íslandsmeti. Er hún fyrsti íslenski sundmaðurinn sem vinnur til verðlauna á EM í 50 m laug.**

**SUND** Hrafnhildur Lúthersdóttir skráði nafn sitt í sögubækurnar er hún varð fyrsti Íslendingurinn til að vinna til verðlauna á Evrópumeistaramóti í 50 m laug. Það gerði hún þegar hún vann til silfurverðlauna á EM í London í gær.

Hrafnhildur bætti Íslandsmet sitt í 100 m bringusundi í úrslitasundinu en hún kom þá í mark á 1:06,45 mínútum og bætti það um tæpa hálfa sekúndu. Hún var 0,28 sekúndum á eftir heimsmethafanum Ruta Meilutyte sem kom í mark á 1:06,17 mínútum.

Meilutyte hafði yfirburði frá fyrsta sundtaki en Hrafnhildur náði að vinna verulega á hana á seinni 50 metrunum með stórbrotnum endaspretti. Hrafnhildur var þriðja í snúningnum, á eftir hinni ítölsku Martinu Carraro, en stakk svo alla keppinauta sína um silfrið af og veitti Meilutyte verðuga keppni um gullið.

„Þrír metrar í viðbót og ég hefði náð henni,“ sagði Hrafnhildur í léttum dúr þegar Fréttablaðið náði tali af henni í gærkvöldi.

Hrafnhildur sagði að hún hefði eingöngu hugsað um sjálfa sig í úrslitunum í gærkvöldi. „Ég gerði bara allt sem ég gat og treysti bæði æfingunum mínum og þjálfuninni. Það gekk greinilega svona vel upp,“ segir hún.

„Ég var of mikið að fylgjast með Rutu í undanrásunum og raun undanúrslitunum líka. Ég áttaði mig ekki á því að ég var ekki að synda mitt sund heldur fremur að fylgja henni. Það er betra fyrir mig að einbeita mér að mínu.“

Hún veit þó ekki hvernig á að útskýra magnaðan endasprett hennar en hún var meira en sekúndu á undan öllum öðrum keppendum á seinni 50 metrunum.

„Kannski var það bara hugsunin um að koma mér á verðlaunapall. Ég bara gaf allt sem ég átti.“

### Á eftir sína sterkustu grein

Hrafnhildur fær lítinn tíma til að njóta árangursins því í morgunsárið hefjast undanrásir í 200 m bringusundi sem hefur hingað til talist hennar sterkasta grein.

„Ég hlakka bara til og er spennt fyrir því. Allir þjálfarar sem ég hef haft hafa talað um að 200 metrarnir eigi betur við mig. Vonandi geri ég jafn vel í dag, ef ekki bara betur.“

Meilutyte keppir ekki í 200 m bringusundi en í staðinn fær Hrafnhildur að etja kappi við hina dönsku Rikke Möller Pedersen sem er heimsmethafi í greininni. Þær eru saman í 4. riðli í dag og synda hlið við hlið á fjórðu og fimmtu braut.

> **Það er alveg ljóst að það getur alltaf allt gerst á Ólympíuleikum.**
>
> Hrafnhildur Lúthersdóttir

**3**

**verðlaun hafa íslenskar sundkonur unnið á EM í sundi á síðustu 5 mánuðum.**

„Auk hennar eru margar ungar stelpur að koma upp og þetta verður því hörkukeppni,“ segir Hrafnhildur sem er vitanlega hæstánægð með árið hingað til.

### Fer eins langt og ég get í Ríó

„Ég hef náð að taka jöfnum og góðum framförum og svo er stefnt að því að ná toppnum á Ólympíuleikunum í sumar,“ segir hún en miðað við árangur gærdagsins er eðlilegt að velta því fyrir sér hvort hún geti blandað sér í baráttu um verðlaun í Ríó í sumar.

„Það var alltaf markmið mitt að ná þessum árangri á EM og gera svo mitt besta á Ólympíuleikum. Komast eins langt og ég get,“ segir hún.

„Og það er alveg ljóst að það getur alltaf allt gerst á Ólympíuleikum. Þar eru alltaf einhverjir sem ná að koma á óvart og einhverjir sem verða góðir með sig og dala. Það er því ekkert útilokað,“ segir silfurkonan Hrafnhildur Lúthersdóttir.

eirikur@365.is




## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna**

**Fylkir - ÍBV 1-3**
0-1 Rebekah Bass (9.), 0-2 Natasha Moraa Anasi (25.), 0-3 Lisa-Marie Woods (47.), 1-3 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (59.)

**Þór/KA - ÍA 4-0**
1-0 Sandra Stephany (31.), 2-0 Sandra María Jessen, víti (61.), 3-0 Sandra María (73.), 4-0 Sandra María (89.)

**Valur - KR 1-1**
0-1 Ásdís Karen Halldórsdóttir (29.), 1-1 Kristín Ýr Bjarnadóttir (87.)

**Selfoss - Stjarnan 1-3**
0-1 Harpa Þorsteinsdóttir (34.), 1-1 Guðmunda Brynja Óladóttir (36.), 1-2 Katrín Ásbjörnsdóttir (61.), 1-3 Donna Key (90.+3)

**FH - Breiðablik 0-0**

Bæði Íslandsmeistarar Breiðabliks og Valur töpuðu óvænt stigum en Stjörnukonur eru einar með fullt hús eftir flottan sigur á Selfossi. Nýliðar FH hafa náð í 4 stig í fyrstu tveimur umferðunum og eru í öðru til þriðja sæti töflunnar með Blikum

| Efri hluti | | Neðri hluti | |
|---|---|---|---|
| Stjarnan | 6 | Selfoss | 3 |
| Breiðablik | 4 | Valur | 2 |
| FH | 4 | Fylkir | 1 |
| ÍBV | 3 | KR | 1 |
| Þór /KA | 3 | ÍA | 0 |

**Evrópudeildin – úrslitaleikur**

**Liverpool - Sevilla 1-3**
1-0 Daniel Sturridge (35.), 1-1 Kévin Gameiro (46.), 1-2 Coke (64.), 1-3 Coke (70.). Sevilla vann Evrópudeildina þriðja árið í röð og leikur í Meistaradeildinni 2016-17.

> **Bless í bili, Liverpool. Ég þarf sumarfrí frá þessu liði. Reynum aftur í haust. Nýttu tímann vel, Jürgen.**
>
> Kristján Atli
> **@kristjanatli**

### SJÖTTI ODDALEIKURINN UM ÍSLANDSMEISTARATITILINN

Haukar og Afturelding spila í kvöld hreinan úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn í Olís-deild karla í handbolta. Bæði liðin hafa unnið tvo útileiki í einvíginu. Þetta verður sjötti oddaleikurinn um Íslandsmeistaratitilinn í sögu úrslitakeppni karla. Valur vann KA á heimavelli 1995, Haukar unnu KA á útivelli 2001, KA vann Val á útivelli 2002, Haukar unnu Val á heimavelli 2010 og ÍBV vann Hauka á útivelli 2014. Útiliðin hafa því unnið þrjá af síðustu fjórum úrslitaleikjum um titilinn. „Þetta verður hörkuleikur en ég held að Haukarnir taki þetta,“ sagði Patrekur Jóhannesson um úrslitin í kvöld en það má lesa viðtal við hann um leikinn inn á Vísi.



## Í dag

**00.30** **NBA: Cavs-Raptors** Sport

**Olís-deild karla, oddaleikur**
**20.00** **Haukar - Afturelding** Ásvellir

# INCREDIWEAR EYKUR BLÓÐFLÆÐI OG MINNKAR SÁRSAUKA

**Heilsa kynnir:** Incrediwear eru hlífar og fatnaður með sérstaka virkni sem eykur blóðflæði og hitamyndun sem getur dregið úr sársauka, bólgum, stífleika og þreytu. Icredìwear getur hjálpað íþróttafólki að ná enn betri árangri.

„Allar vörur frá Incrediwear innihalda einstök virk efni sem blandað er saman við efnisþræðina. Virku efnin eru bambus (kola) trefjar og germaníum sem koma því til leiðar að blóðflæði á svæðinu eykst. Þetta aukna blóðfæði hefur síðan mjög jákvæð áhrif á líðan,“ segir Signý S. Skúladóttir, markaðsstjóri Heilsu.

Hún útskýrir að með þessu minnki álag og þreyta sem leiði til minni sársauka. „Vörurnar henta mjög vel fólki með liðverki, íþróttafólki undir miklu álagi og að sjálfsögðu öllum þeim sem finna fyrir þreytu eða eymslum.“

„Markmið Incrediwear er meðal annars að hjálpa íþróttafólki að ná enn betri árangri, en við höfum fengið frábær viðbrögð frá öllum sem hafa prófað þessar frábæru vörur,“ segir Þórhallur Baldursson, sölustjóri Incrediwear. Hann segir vörurnar hljóta meðmæli sérfræðinga á heilbrigðissviði og séu meðal annars notaðar af afreksíþróttafólki um heim allan enda þróaðar út frá vísindalegum rannsóknum.

„Úrvalið er mjög mikið. Hjá okkur má finna ýmiss konar hlífar fyrir hendur og fætur, hlaupabuxur, hjólabuxur, bakbelti og alls konar sokka fyrir hinar ýmsu aðstæður, bæði þykka og þunna,“ segir Þórhallur og bendir á að þykku sokkarnir innihaldi jafnframt merínóull. „Sokkarnir frá Incrediwear halda hita, minnka bólgur, róa þreytta fætur, og draga úr lykt þar sem þeir viðhalda réttu rakastigi.“

**Incrediwear-vörurnar fást í Intersporti Bíldshöfða, Útilífi Kringlunni og Útilífi Smáralind.**




„Markmið Incrediwear er meðal annars að hjálpa íþróttafólki að ná enn betri árangri,“ segir Þórhallur Baldursson, sölustjóri Heilsu.













Guðmundur Magni Jeannie Jón Arnar Helga Bobby Gunnsteinn

Helga Björg Þórólfsdóttir kírópraktor hefur hafið störf hjá Kírópraktorstofu Íslands.

Tímapantanir
í síma 527 2277.

Hryggurinn þinn er grunnur að góðri heilsu. Láttu ekki verki og óþægindi koma í bakið á þér.

KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS

Sporthúsinu / Dalsmári 9-11 / 201 Kópavogur / www.kpi.is









**Hugmyndaflug körfuboltamannsins Russells Westbrook á sér fá takmörk þegar kemur að klæðaburði.** NORDICPHOTOS/GETTY

# NÝJUNGARGJARN OG SKRAUTLEGUR

Margar fremstu íþróttastjörnur heims eru farnar að vekja athygli fyrir klæðaburð sinn. Ein þeirra er körfuboltastjarnan Russell Westbrook sem þykir hafa afar litfagran og frumlegan stíl.

Russell Westbrook, leikmaður Oklahoma City Thunder í NBA-deildinni bandarísku, er ekki bara einn besti körfuboltamaður heims. Hann þykir mikill smekkmaður þegar kemur að fatnaði og afar frumlegur og nýjungagjarn í klæðaburði.

Fyrir árið 2012 var sjaldan minnst á leikmenn NBA-deildarinnar þegar kom að umfjöllun um tísku en það breyttist snarlega í júnímánuði 2012 þegar lið Westbrooks, og Miami Heat, mættust í úrslitakeppni NBA-deildarinnar. Westbrook mætti til leiks á einn blaðamannafundinn klæddur litfagurri Prada-skyrtu og með skærrauða gleraugnaumgjörð á nefinu. Útlit hans vakti mikla athygli og í kjölfarið varð mikil vitundarvakning meðal leikmanna NBA-deildarinnar þegar kom að klæðaburði, sérstaklega þeirra yngri.

### ÖRLAGARÍKUR FUNDUR

En blaðamannafundurinn hafði áhrif víðar. Í kjölfar hans fóru fleiri að bera skrautlegar gleraugnaumgjarðir og litfagra Prada-skyrtan seldist í bílförmum sama ár. Sjálfur segist Westbrook hafa byrjað að vera með gleraugnaumgjarðir í grunnskóla og hafi raunar snemma byrjað að spá í útlitið, án þess þó að fylgja straumnum eftir heldur frekar farið sínar eigin leiðir.

Í dag þykja margir leikmenn NBA-deildarinnar skara fram úr í klæðaburði og fjölmiðlar og aðdáendur fylgjast vel með því hverju þeir klæðast dagsdaglega. Þar er Westbrook fremstur meðal jafningja og bíða jafnan margir spenntir eftir að sjá myndir af leikmanninum mæta í hús fyrir leik eða sjá hverju hann klæðist á blaðamannafundi að leik loknum. Litfagrar skyrtur og bolir, skór í skærum litum, bleikar buxur, skrautleg gleraugu, hlébarðamynstur; flest allt er leyfilegt í fatastíl Westbrooks. Raunar er stíll hans svo fjölbreyttur og skrautlegur að mörgum þykir nóg um en áhrif hans eru þó óumdeild.

### EIGIN LÍNA Á MARKAÐ

Sem unglingur dreymdi Westbrook alltaf um að setja á fót eigið fatamerki. Á síðasta ári rættist sá draumur þegar hann setti eigin línu á markað í samvinnu við bandarísku lúxuskeðjuna Barneys New York. Línan, sem ber heitið Russell Westbrook XO, inniheldur ekki bara hefðbundinn fatnað heldur líka skó, rakspíra, töskur og skartgripi.

**Hægt er að kynna sér fatalínu Westbrooks á barneys.com og skoða kappann í allri sinni dýrð á Instagram-síðu hans, @russwest44**



**Einfaldur og stílhreinn.**







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429


TRI
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
SHIMANO
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
ParkTool
2016
CUBE HYBRID
Verð frá: 89.990kr
2016
CUBE RACER
Verð frá: 159.990kr
2016
CUBE 27,5"
Verð frá: 89.990kr
CROSS RACE 2016
ParkTool
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga kl. 10:00 - 16:00



Bella mætti í öllu svörtu eins og svo oft áður á verðlaunahátíð í tískubransanum fyrir nokkrum vikum.

Gigi fagnaði 21 árs afmæli sínu á dögunum í Las Vegas þar sem hún klæddist meðal annars þessum beigelitaða kjól frá Julian Macdonald við stígvél í stíl frá Roberto Cavalli.

Bella var glæsileg á Met Gala ballinu í byrjun mánaðarins þar sem hún klæddist að sjálfsögðu svörtum kjól, frá Givenchy.

Gigi sást á vappi í þessu einlita dressi í Soho-hverfinu í New York á dögunum.

# SVALAR SYSTUR

Fyrirsæturnar og systurnar Gigi og Bella Hadid þykja hafa skapað sér sinn eigin stíl sem er töff og persónulegur. Þær komast báðar iðulega á lista þeirra best klæddu á rauða dreglinum.













Kaupauki
Fjölnota burðarpoki fylgir með öllum kaupum!
Opið til kl 21.00
NÝJAR VÖRUR OG FRÁBÆR SUMARTILBOÐ!
Góðar stærðir og frábært verð
ZIKZAK TÍSKUHÚS
KJÓLL 7.990kr st. S-XXXL
TÚNIKA 5.990kr st. S-XXXL
PEYSA 5.990kr st. 36-48
KJÓLL 7.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 5.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 6.990kr st. S-XXL
KJÓLL 5.990kr st. S-XXXL
Einnig til í svörtu!
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 St. 36-56
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 St. S-XXL
Einnig til í svörtu!
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 St. 42-56
Einnig til í rauðu!
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 St. S-XXL
Einnig til í gráu og svörtu!
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 9.990 St. 42-56t
Tilboðsverð 7.990,- Áður 9.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 6.990,- Áður 8.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 9.590,- Áður 11.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 3.990,- Áður 4.990,- st. 36-41
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314












Söngkonan Beyoncé kynnti nýverið nýja íþróttalínu sína sem kallast Ivy Park.


Rihanna á leið í ræktina.

# Ekki bara í ræktinni

Áhugi fólks á heilsu og líkamsrækt smitar út frá sér í tískuna. Nú er svo komið að íþróttaklæðnaður þykir ekki aðeins viðeigandi í ræktinni heldur líka á götum úti og á veitingastöðum.

Heilsusamlegt líferni er ávallt að verða meira áberandi meðal fyrirsæta og leikkvenna sem drekka græna djúsa, mæta í ræktina og segja svo frá því á samfélagsmiðlum í máli og myndum.

Þessi aukni áhugi fyrir heilsunni hefur einnig áhrif á tískuna þar sem stjörnurnar klæðast nú íþróttafatnaði við hin ýmsu tilefni þar sem það þótti áður óviðeigandi. Þannig hefur nú sprottið upp kúltúr, sér í lagi í Bandaríkjunum, þar sem fólk hittist á veitingastöðum eftir ræktina til að borða saman heilsusamlegan mat án þess að skipta um föt.

Af þessu leiðir að íþróttafatnaður er að verða tískulegri og ný merki spretta upp sem bjóða upp á óhefðbundinn íþróttafatnað og ný mynstur. Söngkonan Beyoncé hefur til dæmis kveikt á þessu nýja trendi enda kynnti hún nýverið nýja íþróttalínu sína sem kallast Ivy Park.

Samfélagsmiðlar eiga stóran þátt í þessari þróun enda deila stjörnurnar myndum á Instagram og Snapchat af sér í ræktinni eða á ferðinni eftir ræktina í þægilegum en flottum íþróttafötum.


Jessica Alba á gangi í New York.


Sienna Miller í þægilegum íþróttafötum í New York.


Fyrirsætan Kendall Jenner er óhrædd við að skarta íþróttaleggings og -toppi úti á götu.

Gigi Hadid í hlaupabuxum og íþróttapeysu við flottan appelsínugulan jakka.


Leikkonan og fyrirsætan Rosie Huntington-Whiteley spókar sig í sólinni í Los Angeles.

Veiðisumarið
19. maí 2016
KYNNINGARBLAÐ

# Minningar teknar með heim

Það lengir veiðitímabil íslenskra veiðimanna mikið að skreppa í veiðiferð út fyrir landsteinana. Nýlega hélt vinahópur héðan í sex daga veiðiferð til Skotlands þar sem hin fornfræga laxveiðiá Spey var heimsótt.

Sífellt fleiri veiðimenn hérlendis stunda veiðar hluta árs í erlendum ám og vötnum en meðal vinsælla áfangastaða eru Skotland, Rússland og Argentína. Nýlega hélt veiðihópur, undir stjórn Stefáns Sigurðssonar, til Skotlands í sex daga ferð þar sem hin fornfræga laxveiðiá Spey var heimsótt.

Stefán, sem sjálfur hefur margoft veitt í Skotlandi, segir ferðina hafa verið ákveðna með skömmum fyrirvara. „Þessi ferð datt frekar óvænt inn á borð til mín þannig að ég hringdi bara strax í strákana sem voru til í slaginn. Við erum flestir vinir eða tengjumst í gegnum félaga okkar. Stór hluti þessa hóps fór auk þess saman til Rússlands fyrir nokkrum árum sem var alveg ótrúlega skemmtileg ferð sem oft er rifjuð upp. Allir í hópnum eru góðir veiðimenn en þó með mislangan veiðiferil.“

Utan Skotlands hefur Stefán einnig veitt í Rússlandi og Argentínu og því víða komið við á veiðiferli sínum.

## Góður aðbúnaður

Hópurinn flaug til Aberdeen en þaðan er um 90 km akstur upp á veiðisvæðið. „Þegar við komum í veiðihúsið héldum við að við værum að villast því það var eiginlega of flott. Um er að ræða 200 ára gamlan herragarð og aðbúnaður allur hinn besti. Við veiddum í ánni milli kl. 9 og 17 flesta dagana auk þess sem nokkrir úr hópnum fóru á rádýraveiðar á kvöldin og morgnana sem gengu nokkuð vel.“

Hann segir hópinn hafa verið frekar óheppinn með laxveiðina en áin hljóp upp fyrstu þrjá dagana og var mjög erfið. „Hins vegar veiddist töluvert af urriða og sjóbirtingi fyrstu dagana. Þegar leið á vikuna byrjaði áin að lagast og við náðum fjórum löxum sem allir voru frekar góðir. Í flestum ám erlendis er eingöngu veitt og sleppt svo við tókum lítið með okkur heim nema myndir og góðar og skemmtilegar minningar.“

## Skemmtilegar hefðir

Það lengir veiðisumarið talsvert að heimsækja Skotland á þessum árstíma, segir Stefán. Veðrið er gott, um 10-20 stiga hiti, og náttúran og fuglarnir í fullum blóma sem er svo yndislegt. „Svo er líka gaman að skoskum hefðum en það er stundum eins og að fara 100 ár aftur í tímann að heimsækja þá. Leiðsögumennirnir eru oftast klæddir í tweed-fatnað og klæðast stígvélum. Þetta er eins og að vera staddur í gömlum sveitaþætti á BBC. Fólkið í kringum árnar er líka miklir karakterar og þar er yfirleitt mjög snyrtilegt og vel hirt.“

Það er því mikil upplifun að upplifa veiðimenninguna og rólegheitin í Skotlandi, segir Stefán. „Laxveiðin er þó ekki í sama gæðaflokki og hér heima en það er eitthvað sem gerir mann háðan því að fara þangað á hverju ári. Sumir fara líka til Rússlands en þá einna helst til að elta drauminn um þann stóra en margar ár þar geyma laxa á bilinu 20 til 40 pund sem við höfum ekki hér á landi. Svo er töluvert að veiðifólki sem fer til Argentínu til að veiða sjóbirting en þar er sumar þegar það er vetur hjá okkur svo það hentar einstaklega vel. Þar má finna frábær veiðihús, skemmtilegt fólk og frábæra veiði.“





Stund milli stríða hjá veiðifélögum Stefáns í Skotlandi. Stefán er lengst til hægri í efri röð.

> Svo er líka gaman að skoskum hefðum en það er stundum eins og að fara 100 ár aftur í tímann að heimsækja þá. Leiðsögumennirnir eru oftast klæddir í tweed-fatnað og klæðast stígvélum. Þetta er eins og að vera staddur í gömlum sveitaþætti á BBC. Fólkið í kringum árnar er líka miklir karakterar.
>
> *Stefán Sigurðsson*



Veiðihúsið reyndist 200 ára herragarður og var aðbúnaður allur hinn besti.





Guðrún var í sinni annarri ferð í vikunni, nú sem skipuleggjandi en hún var þátttakandi í fyrra. Hér er hún á góðri stund með ferðafélögum, f.v. Ingveldur, Ragnheiður, Edda og Guðrún.



Guðrún segir það vera æðislegt að vera komin í vöðlur og leiðast svo tvær og tvær og krossa árnar alveg þvert.

# Fluguköst til að styrkja sál og líkama

Nokkrar konur sem lokið hafa meðferð við brjóstakrabbameini fóru í endurhæfingu í Langá á Mýrum í vikunni þar sem þær æfðu fluguköst í fögru umhverfi. „Kastað til bata“ er verkefni á vegum Krabbameinsfélagsins, Brjóstaheilla – Samhjálpar kvenna og styrktaraðila.

„Kastað til bata“ er verkefni á vegum Brjóstaheilla – Samhjálpar kvenna, Krabbameinsfélagsins og styrktaraðila, þar sem konum er boðið í veiðiferð. Verkefnið hófst árið 2010 og er hugmynd frá Bandaríkjunum, „Casting for recovery“, og er hugsað sem endurhæfing fyrir konur sem lokið hafa meðferð við brjóstakrabbameini. Markmiðið er að veita konum tækifæri til að styrkja sig á líkama og sál með því að æfa fluguköst í fögru umhverfi, njóta samvista við veiðifélaga með svipaða reynslu og veiða ef heppnin er með.

### Ómetanleg upplifun

Í byrjun vikunnar var farið í sjöunda sinn í „Kastað til bata“ veiðiferð og tók Guðrún Kristín Svavarsdóttir næringarrekstrarfræðingur þá þátt í verkefninu í annað sinn. Í fyrra fór hún sjálf í veiðiferðina í Laxá í Kjós en núna var hún einn af skipuleggjendunum þegar farið var í Langá á Mýrum.

„Það er ómetanlegt fyrir konur í þessari stöðu að hittast til að styrkja sig á sálinni. Að skipta algjörlega um umhverfi og fara út í fallega íslenska náttúru með hressum og flottum konum sem eru búnar að vera að kljást við það sama og maður sjálfur. Þarna erum við að leita stuðnings hjá hver annarri, hver og ein miðlar upplýsingum og þiggur upplýsingar og þetta veitir ótrúlegan styrk,“ lýsir Guðrún. Hún nefnir að auk þess sé stangveiði góð líkamleg æfing fyrir konur sem hafa misst brjóst sín.

Sjálf greindist hún með brjóstakrabbamein 46 ára gömul og var í meðferð árið 2014. „Hjá mér var vinstra brjóstið og eitlar teknir og þetta eru góðar líkamlegar æfingar fyrir þessi svæði. Ég kláraði mína meðferð 2014, er þó enn að sprauta mig á fjögurra vikna fresti og tek töflur á hverjum degi en allt þetta stóra er búið.“

### Ekki hægt án stuðningsaðila

Ferðin er þátttakendum að kostnaðarlausu en Guðrún segir að svona veiðiferð myndi aldrei takast nema með góðum stuðningsaðilum. „Þar er Stangveiðifélag Reykjavíkur og Veiðihornið, að öllum öðrum ólöstuðum, með rosalega flottan stuðning við okkur og styrki. Fimm til sjö leiðsögumenn og vanir fluguveiðimenn frá Stangveiðifélaginu koma með í ferðina og kenna þátttakendum að kasta flugu. Fjórtán konur fara í ferðirnar og oftast er hver leiðsögumaður með tvær til þrjár konur að kenna réttu handtökin og tæknina.



Hópurinn sem fór í „Kastað til bata“ veiðiferðina í vikunni, þátttakendur, skipuleggjendur og leiðsögumenn.

Við veiðum nú samt ekkert,“ segir Guðrún og skellir upp úr en segir að það sé heldur ekki tilgangurinn með ferðinni. „Það veiddist ekkert í þessari ferð en í fyrra veiddust nokkrir grútlegnir laxar. Það er aðalatriðið að vera saman úti í náttúrunni, það er ómetanlegt. Í þessum ferðum sem ég hef farið í hefur verið hátt í 30 ára aldursmunur á konunum en það skiptir engu máli. Það er gott að heyra hvernig konur upplifa þetta ólíkt og það er misjafnt hvernig við tökumst á við þetta þannig að við getum virkilega lært hver af annarri.“

### Flestar að reyna nýja hluti

Þrátt fyrir að vera í því að skipuleggja ferðina að þessu sinni, að passa að allt gengi sem best og yrði sem þægilegast fyrir þátttakendur, fékk Guðrún tækifæri til að kasta sjálf flugu af bakkanum. „Þannig að þetta er allt að koma en ég er alls engin veiðikona,“ segir hún og hlær.

„En þetta kveikir í mörgum og er virkilega skemmtilegt. Það hafa nokkrar í báðum ferðunum sem ég hef farið í verið að veiða áður en líka margar sem eru bara með beitu og spún í byrjun en fara svo yfir í flugu. Svo lærum við að hnýta flugu og okkur er kennt að vaða. Það er æðislegt að vera komin í vöðlur og leiðast svo tvær og tvær og krossa árnar alveg þvert, það er rosalega gaman. Við erum flestar að gera eitthvað í þessum ferðum sem er algjörlega nýtt fyrir okkur.“

Guðrún segir að áframhald verði á þessum ferðum enda hafi þátttakendur verið afar ánægðir og margar konur úr fyrri ferðum haldi enn hópinn. „Konurnar þurfa samt að vera búnar með meðferð því þetta er mikil útivera og tekur dálítið á.“




# Kastnámskeið með Klaus Frimor

„Kastnámskeið Veiðiflugna hefjast 27. maí. Kennslan fer fram við Rauðavatn og er skipt niður í einhendu- og tvíhendunámskeið,“ segir Friðjón Mar Sveinbjörnsson hjá Veiðiflugum. „Hér gefst áhugasömum frábært tækifæri til að læra fluguköstin frá grunni, bæta tæknina og afla sér fróðleiks um veiðar með flugu.“ Hinn danski Klaus Frimor hefur umsjón með kastnámskeiðunum en hann er að sögn Friðjóns einn fremsti flugukastkennari heims. „Klaus Frimor hefur verið mikið hér á landi og býr hér nánast yfir sumartímann og starfar sem leiðsögumaður í íslenskum ám,“ útskýrir Friðjón en Frimor starfar annars hjá hinu þekkta veiðimerki Loop. „Hann hefur haldið námskeið hér á landi undanfarin ár og hafa þau alltaf verið vel sótt.“ Námskeiðin eru bæði fyrir byrjendur og lengra komna. „Byrjendur læra grunnhandtökin en hinir lengra komnu læra tæknibrellur,“ segir Friðjón. Hann segir tæknina enda afar mikilvæga í sportinu. Ekki síður sé mikilvægt fyrir veiðimenn að koma reglulega á námskeið. „Þetta er eins og í golfinu, það er alltaf hægt að bæta sig.“

**Kennt verður á eftirfarandi dögum:**
27. maí – Einhenda
28. maí – Tvíhenda
29. maí – Einhenda
30. maí – Tvíhenda

Takmarkaður fjöldi kemst á hvert námskeið og eru áhugasamir því beðnir um að staðfesta þátttöku með tölvupósti á veidiflugur@veidiflugur.is, í síma 527-1060 eða í verslun Veiðiflugna að Langholtsvegi 111.



ÚTGEFANDI | 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Atli Bergmann| atli.bergmann@365.is | s. 512-5457
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson


Veiðiflugur OPNA Á NÝ
EFTIR ENDURBÆTUR
THE VOICE OF GAME-FISHING
TROUT & SALMON
RECOMMENDS 2016
ESTABLISHED 1955
CROSS SX
132.900 KR.
NÝJASTA STÖNGIN FRÁ LOOP SEM HLOTIÐ HEFUR FRÁBÆRA DÓMA
CROSS S1
132.900 KR.
STÓRKOSTLEG ALHLIÐA FLUGUVEIÐISTÖNG
GUIDELINE
EXCEED
59.900 KR.
GÓÐ STÖNG FYRIR BYRJENDUR SEM LENGRA KOMNA
ECHO BASE
24.900 KR.
LÍKLEGA BESTU KAUPIN Á MARKAÐNUM Í DAG - 9/10 Í EINKUNN SEGIR SITT - ÓTRÚLEGT VERÐ
FIVE WEIGHT SHOOTOUT
FRÁBÆR KAUP
SCIERRA CC3 XP
VÖÐLUPAKKI
AÐEINS
34.900 KR.
SCIERRA
FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM
COSTA
LOOP
patagonia
GUIDELINE
Krafla
VISION FLY FISHING
Mustad
ECHO
Scott
NAUTILUS
ECHO BASE FLUGUVEIÐIHJÓL
VERÐ AÐEINS
8.900 KR.
VEIÐIMENN VERIÐ
VELKOMNIR
Í SAMEINAÐA VERSLUN VEIÐIFLUGNA OG KRÖFLU AÐ LANGHOLTSVEGI 111.
EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HÁGÆÐA VEIÐIFLUGUM
Veiðiflugur
LANGHOLTSVEGI 111
527-1060
WWW.VEIDIFLUGUR.IS

# VEIÐIPORTIÐ

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.–fös. kl. 10–18. Laugard. kl. 10–16.



Þessa helgi fylgja 2 flotvesti með hverjum seldum bát

## Poweron slöngubátar með hörðum botn

Auðvelt að setja saman. Bátarnir koma í tösku og passa í skottið á venjulegum fólksbíl.

320 cm - **199.000 kr**
360 cm - **249.000 kr**
420 cm - **UPPSELDUR**

Nánar á veidiportid.is



## Jaxon rafmótor 55 libs. hljóðlátur og vistvænn

Verð **59.900 kr**

**30%** afsláttur af mótor ef keypt er bæði mótor og bátur

### Snowbee öndunarvöðlur



3 laga öndunarvöðlur með styrkingu á hnjám, góðir vasar og belti. Til í litlum stærðum fyrir dömur og unglinga
Fullt verð 34.900 kr
**Tilboð 26.900 kr**

### Jaxon öndunarvöðlur



Hvergi betra verð á 4 og 5 laga öndunarvöðlum. Frábærar vöðlur sem endast. Yfir 400 vöðlur seldar
**Lækkað verð 29.800 kr**

### Snowbee öndunarvöðlur með stígvélum



Fyrir þá sem nenna ekki að reima og vilja vera fljótir í og úr vöðlunum .
Full verð 33.900 kr.
**Tilboð 23.900 kr**

### Nýtt módel af Pvc vöðlum.



Betri stígvél og belti fylgir. Níðsterkar og henta vel við erfiðar aðstæður.
**Verð 10.950 kr**

### Fín klofstígvél



Fín klofstígvél fyrir þá sem þurfa ekkert að vaða mikið.
**Verð 8.900 kr**

### Chota vöðluskór úr leðri



Ameriskir gæða skór sem endast og endast...
**25% afsláttur af dömustærðum!**
Fullt verð 32.900 kr
**Tilboð**
**Dömustærðir 24.675 kr**
**Herrastærðir 29.900 kr**

### Jaxon vöðluskór

Léttir, þægilegir og ódýrir vöðluskór frá Jaxon
Fullt verð 15.900 kr
**Tilboð 12.900 kr**



## Flugustangar sett



Heinz Tómatsósa 1,35 kg
FRIED ONIONS
95 kr. 200 g
ES Steiktur Laukur 200 g
Hrásalat
198 kr. 350 g
Bónus Hrásalat 350 g

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

100% Íslenskt ungnautakjöt

4stk 80 g

**579** kr. 2x140 g

**549** kr. 2x120 g

**598** kr. 4x80 g

**Íslandsnaut Ungnautaborgarar**
2x140 g, 2x120 g eða 4x80 g

Aðeins 150kr stykkið

**1.498** kr. 10 stk.

**Kjarnafæði Nautgripaborgarar**
10x120 g, frosnir

**379** kr. 250 ml

**Íslandsnaut Bernaissósa**
250 ml

## GOTT VERÐ Í BÓNUS

**2.998** kr. kg

**Íslandslamb Lambaprime**
Ferskt

**1.998** kr. kg

**Íslandslamb Lambalærissneiðar**
Kryddlegnar, blandaðar, ferskar

**2.598** kr. kg

**Íslandslamb Lambakótilettur**
Kryddlegnar, ferskar

**1.298** kr. kg

**Bónus Grísakótilettur**
Með beini, kryddaðar

**998** kr. kg

**Bónus Grísabógsneiðar**
Kryddaðar, ferskar

**3.898** kr. kg

**Íslandslamb Lambafillet**
Ferskt

**2.598** kr. kg

**Íslandslamb Lambalærissneiðar**
Kryddlegnar, 1.flokkur, ferskar

KJARNAFÆÐI

LAMBALÆRI MEÐ VILLTUM ÍSLENSKUM KRYDDJURTUM

Foreldað Aðeins að hita

**998** kr. kg

**Ali Spareribs**
Foreldað, ferskt

**3.798** kr. kg

**Kjarnafæði Lambalundir**
Kryddaðar, ferskar

**249** kr. 270 ml

**Bónus Grillsósa**
270 ml, 2 teg.

**1.398** kr. kg

**Kjarnafæði Heiðalamb**
Kryddað lambalæri, ferskt

**1.698** kr. kg

**Kjarnafæði Lambasirloinsneiðar**
Kryddlegnar, ferskar

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00



Leikhópur myndarinnar er sterkur og leikurunum tekst að gæða persónur sínar lífi og gera þær trúverðugar.

# Norsk, hagkvæm og æsispennandi formúlustórslysamynd

**Flóðbylgjan í leikstjórn Roar Uthaugh segir frá flóðbylgju sem ríður yfir smábæ í Geirangursfirði í Noregi. Með aðalhlutverk fara Kristoffer Joner, Ane Dahl Torp, Jonas Hoff Oftebro. Handritið skrifa John Kåre Raake og Harald Rosenløw-Eeg.**

**Flóðbylgjan**
★★★★☆

**Leikstjóri:** Roar Uthaugh
**Handrit:** John Kåre Raake, Harald Rosenløw-Eeg
**Aðalhlutverk:** Kristoffer Joner, Ane Dahl Torp, Jonas Hoff Oftebro

Í fjallgörðum Noregs er talin vera raunveruleg hætta á skriðum sem geta valdið flóðbylgjum sem gætu sett heilu smábæina í kaf. Skiptar skoðanir eru um hversu mikil hættan er en þetta hefur gerst áður og byrjar myndin Flóðbylgjan á að sýna okkur það með samsafni af fréttamyndum frá skriðuföllum og fljóðbylgjum sem hafa orðið í Noregi á síðustu hundrað árum eða svo.

Flóðbylgjan gerist í smábæ í Geirangursfirði og segir frá jarðfræðingnum Kristian sem vinnur við rannsóknir í firðinum en er nú að hætta, því hann er að fara að vinna fyrir stórt olíufyrirtæki. En á leiðinni úr bænum verður hann var við eitthvað sem fær hann til að sannfærast um að yfirvofandi hætta á flóðbylgju sé mikil. Lítið mark er tekið á athugasemdum hans í fyrstu en svo reynist grunur hans á rökum reistur og hefst þá kapphlaup við tímann til að koma öllum úr bænum.

Í grunninn er Flóðbylgjan algjör formúlustórslysamynd. Hetjan er auðvitað sérfræðingur sem enginn hlustar á fyrst og þegar loksins er hlustað á hann er allt orðið of seint. Og auðvitað er hann fjölskyldufaðir og auðvitað gerist þetta daginn sem hann er að hætta. En leikstjóranum Roar Uthaugh tekst hér að sanna að þó að mynd fylgi algerlega formúlunni geti hún samt virkað.

Það má segja að þessi mynd sé eins og raunsæja útgáfan af Hollywood-stórslysamynd. Atburðirnir í myndinni eru eitthvað sem raunverulega getur gerst og þótt atburðarásin sé kannski svolítið tilviljanakennd hegða persónurnar sér að mestu á trúverðugan máta ólíkt í myndum eins og 2012 og San Andreas. Tæknibrellur er ekki það sem þessi mynd gengur út á, þótt þær séu vissulega vel gerðar (sérstaklega miðað við að hér er um norska mynd að ræða sem kostaði líklega einn tíunda af því sem Hollywood-stórmyndir gera), heldur gengur allt út á að skapa og byggja upp spennu og halda áhorfandanum í heljargreipum. Myndin byggir upp hlutina hægt en nær manni vel og á endanum er maður alveg á nálum.

Persónurnar í myndinni eru algjörar týpur beint af færibandinu en leikhópurinn er mjög sterkur og tekst öllum að gæða persónur sína lífi og gera týpurnar trúverðugar. Þetta er í raun mjög einföld mynd sem ætlar sér ekki of mikið og flækir ekki hlutina. Flóðbylgjan er laus við alla stæla og þar liggur styrkur hennar. Þetta er einföld saga um fjölskyldu sem reynir að lifa af hamfarir.

**Atli Sigurjónsson**

**NIÐURSTAÐA:** Formúlustórslysamynd gerð á norskan og hagkvæman hátt. Myndin er laus við alla stæla og tekst fullkomlega það sem hún ætlar sér: Að gera áhorfandann spenntan.

## Frumsýningar

### MONEY MONSTER



Spennumynd
Aðalhlutverk: George Clooney, Julia Roberts, Jack O'Connell
Frumsýnd 1. júní
IMDb 6,8/10
Rotten Tomatoes 54%

### ALICE THROUGH THE LOOKING GLASS



Ævintýramynd
Aðalhlutverk: Johnny Depp, Mia Wasikowska, Helena Bonham Carter, Anne Hathaway, Sacha Baron Cohen, Michael Sheen, Alan Rickman, Toby Jones
Frumsýnd 25. maí

### WARCRAFT



Spennumynd
Aðalhlutverk: Travis Fimmel, Toby Kebbell, Ben Foster, Paula Patton og Dominic Cooper.
Frumsýnd 25. maí




**Veglegt sérblað um**

**Vörubíla og vinnuvélar**

Stórt sérblað um vörubíla og vinnuvélar fylgir Fréttablaðinu þann **31. maí**

Blaðið verður stútfullt af skemmtilegu efni.
Hægt er að kaupa bæði auglýsingar og kynningar.

**Fyrir auglýsingapláss hafið samband við:**

**Jón Ívar Vilhelmsson**
Sími/Tel: +354 512-5429
jonivar@365.is


HLAUPA
DAGAR
20%
AFSLÁTTUR AF
HLAUPASKÓM, HLAUPAFATNAÐI
OG HLAUPAAUKAHLUTUM
GILDIR ÚT MÁNUDAG
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| X-MEN APOCALYPSE 3D | 7, 10(P) |
| ANGRY BIRDS ÍSL.TAL | 5:50 |
| ANGRY BIRDS ENS.TAL | 8 |
| BAD NEIGHBORS 2 | 8, 10 |
| CAPTAIN AMERICA | 10:10 |
| RATCHET & CLANK | 5:50 |

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| KEANU | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| KEANU VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| MOTHER'S DAY | KL. 5:30 - 8 - 9 - 10:30 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 6 - 8:20 - 10:20 |
| RIBBIT ÍSL TAL | KL. 6 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 6 - 8 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | |
| KEANU | KL. 8 - 10:15 |
| MOTHER'S DAY | KL. 5:30 - 8 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 5 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 10:30 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| KEANU | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| X-MEN: APOCALYPSE 3D | KL. 5 - 8 - 10:55 |
| BAD NEIGHBOURS 2 | KL. 8 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 5 - 8 - 10:10 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 5:40 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | |
| KEANU | KL. 6:20 - 9 - 10:30 |
| MOTHER'S DAY | KL. 5:30 - 8 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 6 - 9 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | |
| KEANU | KL. 8 |
| X-MEN: APOCALYPSE 3D | KL. 8 - 11 |
| MOTHER'S DAY | KL. 10:15 |




SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




FORELDRABÍÓ
ANNAN HVERN FÖSTUDAG KL. 12 Í SMÁRABÍÓI

Ópera í beinni
WERTHER
26. júní í Háskólabíói
FORSALA HAFIN




Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is


# Hvað? Hvenær? Hvar?

Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

**19. MAÍ 2016**

## Tónlist

**Hvað?** Emilíana Torrini og Sinfó
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Eldborg, Hörpu

Tónlistarkonan Emilíana Torrini syngur mörg sinna bestu laga við órafmagnaðan leik Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sex útsetjarar koma að tónleikunum, hver með sinn stíl og nálgun. Meðal þeirra laga sem flutt verða eru Jungle Drum, Nothing Brings Me Down, Hold Heart og Life Save en einnig Tvær stjörnur eftir Megas og Gollum Song sem Emilíana gerði ódauðlegt í Hringadróttins sögu. Miðaverð er 4.900-8.900 krónur.



**Hvað?** Risaeðlan
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gamla bíó

Hljómsveitin Risaeðlan spilar á tónleikum í Gamla bíói í kvöld en Hórmónar og RuGl hita upp. Miðaverð er 3.500 krónur.

**Hvað?** The lyrics of Karin Boye / Emma Augustsson & Anton Svanberg
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2

Sænska söngkonan, sellóleikarinn, hljómborðsleikarinn og tónskáldið Emma Augustsson og sænska tónskáldið og þúsundþjalasmiðurinn Anton Svanberg flytja átta af ljóðum sænska ljóðskáldsins Karinar Boye. Miðaverð er 2.000 krónur.

## Uppákomur

**Hvað?** Lífið eftir háskólanám. Málþing BHM um stöðu ungs háskólafólks á vinnumarkaði
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Rúgbrauðsgerðin, Borgartúni 6

Málþing um stöðu ungs háskólafólks sem stígur sín fyrstu spor á vinnumarkaðinum. Málþingið er öllum opið á meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** ÚtgáfuGleðiHóf – Á rúmstokknum
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Eymundsson, Austurstræti

Útgáfuhóf bókarinnar Á rúmstokknum eftir Siggu Dögg.

**Hvað?** Leshringur | Minnisbók
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Menningarhús, Sólheimum

Leshringurinn Sólkringlan hittist þriðja fimmtudag í hverjum mánuði til skiptis í Borgarbókasafninu í Kringlunni og Sólheimum. Að þessu sinni verður Minnisbók eftir Sigurð Pálsson lesin en þemað á vorönn leshringsins eru skáldævisögur eða ævisögulegar skáldsögur.

**Hvað?** Listamannaspjall: Undirsjálfin vilja vel
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** D-salur, Hafnarhúsi

Arnfinnur Amazeen ræðir við sýningarstjórann Bryndísi Erlu Hjálmarsdóttur um sýninguna Undirsjálfin vilja vel í D-sal Hafnarhússins. Aðgangseyrir á sýninguna er kr. 1.500, ókeypis er fyrir menningarkortshafa.

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Greining og túlkun fræðimanna á hungursneyðum liðinna alda
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Stofa 311, Árnagarði

Eric Vanhaute, prófessor í hagsögu og heimssögu við háskólann í Ghent í Belgíu, flytur fyrirlestur um hungursneyðir í heiminum á liðnum öldum og hvernig viðhorf fræðimanna hafa breyst í greiningu og túlkun á þeim. Fyrirlesturinn er haldinn á vegum Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn er á ensku og allir eru velkomnir.

**Hvað?** Fyrirlestur í Náttúrufræðistofu Kópavogs
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Náttúrufræðistofa Kópavogs

Einar Jónsson, sviðsstjóri í Skipulagsstofnun, flytur erindi um landsskipulagsstefnu, nýtt ferli sem setur umgjörð um skipulagsmál á landsvísu. Skipulagsstefnan sem Einar mun kynna er heildstæð stefna fyrir allt landið sem tekur til margra ólíkra þátta landnýtingar. Vegagerð, þéttbýlismyndun, sumarhúsabyggð, fiskrækt í ám og við strendur eru meðal efnis stefnunnar en einnig margvísleg skipulagsmál tengd ferðamennsku og náttúruvernd. Fyrirlesturinn er öllum opinn.





BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Keep Frozen ENG SUB | 18:00 |
| The Ardennes ENG SUB | 18:00 |
| Anomalisa | 18:00 |
| Hrútar ENG SUB | 20:00 |
| Brev til kongen ENG SUB | 20:00 |
| The Witch | 22:00 |
| Fyrir Framan Annað Fólk ENG SUB | 22:00 |




Geta borgir verið sjálfbærar?

Norræn ráðstefnuröð
Haldin í Norræna húsinu
23. maí, 2016 / kl. 14:00–16:45

| Tími | Dagskrá |
|---|---|
| 14.00–14.05 | **Opnunarávarp,** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri |
| 14.05–14.15 | **Getur borg verið sjálfbær?** State of the World Report 2016, Stephanie Loveless, WorldWatch Institute Europe |
| 14.15–14.30 | **Í átt að minni kolefnanotkun í Evrópusambandinu,** Peter Vangsbo, viðskiptaþróun fyrir Climate-KIC Nordic |
| 14.30–14.45 | **Hvernig hönnum við sjálfbærari borg?** Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar |
| 14.45–15.00 | **Getur fyrirtækjarekstur verið sjálfbær?** Ketill B. Magnússon, framkvæmdastjóri FESTU |
| 15.00–15.15 | **Pallborðsumræður** undir stjórn Auðar H. Ingólfsdóttur, lektors við Háskólann á Bifröst |
| 15.15–15.30 | **Kaffihlé** |
| 15.30–15.45 | **Þátttökulýðræði í skipulagsmálum: dæmi frá Norðurlöndum,** Liisa Perjo, sérfræðingur hjá Nordregio |
| 15.45–16.00 | **Nordic Built samkeppnin í Kópavogi 2016,** Árni Geirsson, ráðgjafi hjá Alta |
| 16.00–16.15 | **Nýjungar í skipulagsmálum í Reykjavík,** Þorsteinn R. Hermannsson, samgöngustjóri á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar |
| 16.15–16.30 | **Pallborðsumræður** undir stjórn Kristínar Lindu Árnadóttur, forstjóra Umhverfisstofnunar |
| 16.30–16.45 | Samantekt og lokaorð |

Dagskráin fer fram á ensku.
Þátttaka er ókeypis, skráning á tix.is/is/nordichouse

Norræna húsið The Nordic House
Reykjavíkurborg
norden
WORLDWATCH INSTITUTE EUROPE Vision for a Sustainable World




**EMPIRE**
LA-Z-BOY hægindastóll.
Grátt eða brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 80 × 70 × 102 cm

**69.990 kr.** ~~89.990 kr.~~

**20%** AFSLÁTTUR

# HELGAR SPRENGJA



**37%** AFSLÁTTUR

**MARCUS**
Borðstofustóll.
Svartur, hvítur eða grár.

**4.990 kr.** ~~7.990 kr.~~



**40%** AFSLÁTTUR

**DIMA**
Borðstofustóll. Hvítur og svartur.
Með viðarlitum og svörtum löppum.

**8.990 kr.** ~~14.990 kr.~~



**25%** AFSLÁTTUR

**EIFFEL**
Borðstofustóll.
Svartur, grár og hvítur með svörtum löppum.

**8.990 kr.** ~~11.990 kr.~~



**33%** AFSLÁTTUR

**KENYA**
Hægindastóll.
Grábrúnt slitsterkt áklæði.

**39.990 kr.** ~~59.990 kr.~~



**33%** AFSLÁTTUR

**AVELINO**
Svefnsófi. Slitsterkt áklæði. Ljós- og dökkgrár og blár.
Góð rúmfataskúffa. Stærð: 214 x 89 x 90 cm

**59.990 kr.** ~~89.990 kr.~~



**25%** AFSLÁTTUR

**BELINA**
Stækkanlegt borðstofuborð, viður/hvítt.
Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

**89.990 kr.** ~~119.990 kr.~~



**40%** AFSLÁTTUR

**MARCUS**
Eldhúsborð. Þ.mál: 90 cm H: 75 cm

**14.990 kr.** ~~24.990 kr.~~



**50%** AFSLÁTTUR

**BELINA**
Borðstofustóll. Hvítur eða svartur.

**9.995 kr.** ~~19.990 kr.~~

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — 10 – 18 virka daga, 11 – 17 laugardaga, 13 – 17 sunnudaga
**Akureyri** Dalsbraut 1 — 10 – 18 virka daga, 11 – 16 laugardaga
**Ísafjörður** Skeiði 1
**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

HÚSGAGNA HÖLLIN




22:15
CONTAINMENT
Faraldur brýst út í Atlanta og stór hluti borgarinnar er settur í sóttkví. Fjölskyldur splundrast og lítið samfélag byrjar að myndast innan veggja múrsins þar sem hið ólíklegasta fólk berst sem hetjur en aðrir sýna sínar myrku hliðar!

FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

19:40
SIX PUPPIES AND US
Að eignast hund kallar á mikla ábyrgð og þolinmæði. Við fylgjumst með sex ólíkum fjölskyldum takast á við nýtt líf með hvolpi.


20:40
RESTAURANT STARTUP
Skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með venjulegu fólki leggja allt í sölurnar þegar það eltist við drauma sína um að opna veitingastað.


21:25
THE BLACKLIST
James Spader er stórkostlegur í hlutverki hins alræmda Raymonds Reddington í þessum mögnuðu spennuþáttum.


22:55
LUCIFER
Lucifer kemur upp á yfirborð jarðar þegar hann fær nóg af helvíti einn daginn. Þar kynnist hann rannsóknarlögreglukonu sem breytir sýn hans á lífið.


22:00
KINGSMAN:
THE SECRET SERVICE
Skemmtileg hasarmynd um smáglæpamann sem veit ekki að á sínum tíma tilheyrði faðir hans leyni- og sérsveitinni Kingsman.


19:00
FRIENDS
Allra bestu vinir þínir eru á Gullstöðinni alla virka daga.


©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.45** Tommi og Jenni
**08.05** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Masterchef USA
**11.05** Jamie's Super Food
**11.50** Um land allt Kristján Már Unnarsson leggur land undir fót og heimsækir áhugavert fólk.
**12.10** Heimsókn
**12.35** Nágrannar
**13.00** Shallow Hal
**14.50** 500 Days Of Summer
**16.30** Frikki Dór og félagar
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Íþróttir
**19.08** Ísland í dag
**19.20** Undateable
**19.40** Six Puppies and Us Skemmtilegir þættir sem fjalla um sex ólíkar breskar fjölskyldur sem eru að eignast hvolpa og við fylgjumst með þeim í eitt ár. Að eignast hund kallar á mikla ábyrgð og þolinmæði, því kynnast fjölskyldurnar oft á skondinn hátt.
**20.40** Restaurant Startup
**21.30** The Blacklist
**22.15** Containment
**23.00** Lucifer
**23.45** Rapp í Reykjavík
**00.15** Banshee
**01.05** Shameless
**02.00** Ocean's Thirteen
**04.00** Out of the Furnace
**05.55** NCIS. New Orleans

## SPORT

**07.00** Liverpool - Sevilla
**08.45** Valur - KR
**10.25** Meistaradeild Evrópu
**10.50** Víkingur Ó. - ÍA
**12.40** Pepsímörkin 2016
**14.15** WBA - Liverpool
**15.55** Premier League Review 2015
**16.50** Liverpool - Sevilla
**18.35** Valur - KR
**20.15** Markaþáttur Pepsí deildar
**21.00** Premier League World 2015/2016
**21.30** Golden State - Oklahoma
**23.20** UFC Unleashed 2016
**00.05** NBA Roundtable
**00.30** Cleveland - Toronto.

## SPORT 2

**11.10** Golden State - Oklahoma
**13.00** Haukar - KA
**14.45** Toronto - Miami
**16.50** Brighton - Sheffield Wednesday
**18.35** Granada - Barcelona
**20.15** Spænsku mörkin 2015/2016
**20.40** Watford - Sunderland Útsending
**22.25** UFC Fight Night. Overeem vs. Arlowski

## GOLFSTÖÐIN

**09.20** PGA Tour 2016 - Highlights
**10.15** Golfing World 2016
**11.05** PGA Tour 2016: Delivering a Decade of Champions
**11.30** Irish Open
**17.30** The Players Championship
**19.35** Inside the PGA Tour 2016
**20.00** AT&T Byron Nelson Championship
**23.00** Golfing World 2016

## STÖÐ 3

**18.45** Cristela
**19.10** Community
**19.30** League
**19.55** Supergirl
**20.40** Flash
**21.25** Gotham
**22.10** Arrow
**22.55** First Dates
**23.45** NCIS Los Angeles
**00.25** Justified
**01.15** League
**01.40** Supergirl
**02.20** Flash
**03.00** Gotham
**03.40** Arrow
**04.25** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Lína langsokkur
**07.25** Kalli á þakinu
**07.47** Mæja býfluga
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Víkingurinn Viggó
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Rasmus Klumpur og félagar
**09.55** UKI
**10.00** Brunabílarnir
**10.25** Latibær
**10.48** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Lína langsokkur
**11.25** Kalli á þakinu
**11.47** Mæja býfluga
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.45** Víkingurinn Viggó
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Rasmus Klumpur og félagar
**13.55** UKI
**14.00** Brunabílarnir
**14.22** Latibær
**14.47** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Lína langsokkur
**15.25** Kalli á þakinu
**15.47** Mæja býfluga
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.45** Víkingurinn Viggó
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Rasmus Klumpur og félagar
**17.55** UKI
**18.00** Brunabílarnir
**18.22** Latibær
**18.47** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Dino Mom


09.24
Svampur Sveinsson

## GULLSTÖÐIN

**18.15** Raising Hope
**18.40** The Big Bang Theory
**19.00** Friends
**19.25** Friends
**19.50** Modern Family
**20.15** Major Crimes
**21.00** Shetland
**22.00** The Sopranos
**22.45** Crisis
**23.30** Friends
**23.50** Friends
**00.15** Major Crimes
**00.55** Shetland
**01.55** The Sopranos
**02.40** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.35** E.T.
**13.30** Algjör Sveppi og töfraskápurinn
**15.00** My Girl
**16.45** E.T.
**18.40** Algjör Sveppi og töfraskápurinn
**20.15** My Girl Sígild og afar áhrifamikil fjölskyldumynd um hana Vöndu sem er ellefu ára og á eftirminnilegt sumar framundan. Pabbi hennar er sérvitur ekkjumaður sem rekur útfararþjónustu og má ekki vera að því að sinna henni. Sem betur fer kynnist hún Thomas J. sem reynist henni einstakur vinur.
**22.00** Kingsman: The Secret Service
**00.05** Red Lights Spennumynd frá 2012 með Sigourney Weaver, Robert De Niro og Cillian Murphy í aðalhlutverkum. Sálfræðingurinn Margaret Matheson og aðstoðarmaður hennar, Tom Buckey, eru sérfræðingar í að fletta ofan af svikahröppum sem segjast búa yfir yfirnáttúrulegum kröftum. Þegar heimsfrægur miðill, Simon Silver, stígur aftur fram í sviðsljósið er Tom staðráðinn í að koma upp um hann en fyrr en varir er hann farinn að eiga við yfirnáttúruleg öfl sem hann kann enga skýringu á.
**02.00** Kill The Irishman
**03.45** Kingsman: The Secret Service

## RÚV

**16.15** Violetta
**17.00** Landakort
**17.05** EM í sundi Bein útsending
**18.40** Táknmálsfréttir
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.55** Haukar - Afturelding Bein útsending
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Glæpahneigð
**23.05** Svikamylla
**00.05** Kastljós
**00.35** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**00.35** The Catch
**01.20** Scandal
**02.05** Chicago Med
**02.50** Quantico
**03.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.15** The Late Late Show with James Corden
**04.55** Pepsi MAX tónlist
**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Rules of Engagement
**08.20** Dr. Phil
**09.00** America's Next Top Model
**09.45** Survivor
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**13.10** Dr. Phil
**13.50** Leiðin á EM 2016
**14.20** America's Next Top Model
**15.05** The Voice
**16.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Life In Pieces
**20.15** Grandfathered
**20.40** The Grinder
**21.00** The Catch
**21.45** Scandal
**22.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Scorpion

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




Mazda3 er brautryðjandi á marga vegu. Framúrskarandi aksturseiginleikar Mazda halda bílnum límdum við veginn á meðan SkyActiv tæknin tryggir sparneytni án þess að skerða vélarafl. Að keyra Mazda3 er hrein ánægja fyrir þann sem vill algjöra stjórn því stýrissvörunin er frábær og viðbragðið næmt.

Útlit Mazda3 þykir sérstaklega vel heppnað. Útlínur bílsins gæla við augað enda er Mazda3 smíðaður í anda KODO hönnunarinnar sem innblásin er af hreyfingum, krafti og lipurð blettatígurs.

Mazda3 er sportlegur fólksbíll með spennandi akstureiginleika, háþróaðan öryggisbúnað, notendavænt upplýsinga-kerfi, einstaka eldsneytisnýtingu og fyrsta flokks þægindi.

Fáanlegur sjálfskiptur frá 3.590.000 kr.
*Komdu og reynsluaktu Mazda3*

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Nýr vefur

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
Öruggur staður til að vera á




# Miðborgarvaka

## OPIÐ TIL KL. 21 Í DAG

Það er vor í lofti í Miðborginni okkar. Taktu forskot á sólarsæluna á Miðborgarvöku í dag og fram á kvöld. Ýmsar verslanir og veitingahús á svæðinu bjóða upp á spennandi tilboð fyrir gesti og gangandi og hressandi uppákomur verða víða um stræti og torg. Njóttu mannlífs, verslunar og menningar í hjarta Reykjavíkur.

**Næg bílastæði og munið bílastæðahúsin.**

| Café Haïti | Couture | iglo+indi | Kjólar & Konfekt |
|---|---|---|---|
| **10% afsláttur af matseðli frá kl. 12:00 til 21:00.** | **Nýjar vörur. Opið til kl. 21:00.** | **25% afsláttur af öllum iglo+indi fatnaði.** | **20% af Real Techniques, Essie Maybelline & L'Oréal. R.T. sérfræðingur á staðnum.** |
| Geirsgötu 7b | Laugavegi 86 | Skólavörðustíg 4a | Laugavegi 92 |

| hrím ELDHÚS | hrím Laugavegi 25 & 32 www.hrim.is | Lífstykkjabúðin | BORÐ FYRIR TVO |
|---|---|---|---|
| **15% afsláttur af öllum vörum.** | **15% afsláttur af öllum vörum.** | **20% afsláttur af öllum vörum.** | **Lagerhreinsun, 50 – 70% afsláttur af völdum vörum.** |
| Laugavegi 32 | Laugavegi 25 | Laugavegi 82 | Laugavegi 97 |


BÍLASTÆÐASJÓÐUR
ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ



MYCONCEPTSTORE

**15% afsláttur af öllum vörum. Léttar veitingar.**

Laugavegi 45

Brim

**20% afsláttur af betra verði eftir afnám tolla.**

Laugavegi 71

Kraum

**10% afsláttur af öllu í tilefni af nýrri verslun í Bankastræti 7.**

Bankastræti 7

38 ÞREP
Laugavegi 49 / sími 561 5813

**20% afsláttur og léttar veitingar Verið velkomin.**

Laugavegi 49

KÚNÍGÚND
SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR

**20% afsláttur af Georg Jensen vörum.**

Laugavegi 53b

EÍNVERA

**30% afsláttur af Eyland Jewellery. 20% afsláttur af Miista skóm.**

Laugavegi 35

ANNARANNA

**20% afsláttur af öllum fatnaði og 10% afsláttur af skóm.**

Laugavegi 77

BLUE LAGOON
ICELAND

**20% afsláttur af húðvörum.**

Laugavegi 15

REYKJAVIK SEA ADVENTURES

**Tilboð fyrir lundaskoðun og sjóstangaveiði. Leikur með skemmtilegum vinningum.**

Ægisgarði 3

SIGURBOGINN

**40% afsláttur af töskum, klútum og skarti.**

Laugavegi 80

ILSE JACOBSEN
HORNBÆK

**20% afsláttur af öllum kjólum.**

Laugavegi 33

MIÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!
— WWW.MIDBORGIN.IS —

MIÐBORGIN OKKAR



**Trendið**
Pínulitlar pífur


Stella McCartney


Sonia Rykiel


Altuzarra


Gucci


**Hljómsveitin Risaeðlan mun syngja sitt síðasta í Gamla bíói í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Síðasta andvarp Risaeðlunnar?

Risaeðlan heldur sína fyrstu tónleika í 20 ár í Gamla bíói í kvöld. Þessir tónleikar munu líka verða þeir hinstu hjá sveitinni – og þó, Risaeðlan hefur áður hætt og átt óvæntar endurkomur.

Við héldum tónleika síðast 1996, þannig að það eru 20 ár síðan. Þetta er gleðileg upprifjun og endanleg jarðarför. Þetta er síðasta andvarpið. Þetta verður ekkert rosalega andvarpslegt – risaeðlur eru svo stórar að þegar þær andvarpa springur þakið af húsinu,“ segir Margrét Kristín Blöndal, eða Magga Stína, um endurkomutónleika Risaeðlunnar sem jafnframt munu verða þeir síðustu hjá sveitinni.

Risaeðlan goðsagnakennda er hljómsveit sem var stofnuð 1984 og var eins og margar aðrar hljómsveitir menntaskólaflipp til að byrja með sem svo þróaðist út í eitthvað miklu stærra. Sveitin gaf út sína fyrstu plötu sumarið 1989 á vegum Smekkleysu. Þetta var tólf tommu smáskífa sem kom meðal annars út í Bretlandi og fékk þar góðar viðtökur. Sveitin túraði um Bandaríkin ásamt Bless og Ham sem hluti af útrás Smekkleysu, Heimsyfirráð eða dauði, gaf út breiðskífuna Fame and Fossils og hætti nokkru síðar. Sveitin gaf síðan óvænt úr plötuna Efta! eftir að hafa verið talin af.

Í sveitinni hafa orðið nokkrar mannabreytingar í gegnum árin og hún hefur lagst í dvala og vaknað aftur oftar en einu sinni. Skipan hljómsveitarinnar eins og hún mun koma fram í kvöld er sú að þarna verður Halldóra Geirharðsdóttir að blása í saxófón og þenja söngröddina, Magga Stína mundar fiðluna og syngur líka, Ívar Bongó Ragnarsson plokkar bassann, Sigurður Guðmundsson verður á gítar og Þórarinn Kristjánsson lemur á trommur. En af hverju skyldi Risaeðlan kjósa að halda jarðarför sína akkúrat núna?

„Þetta er af því að við vorum vakin upp á hátíðinni Aldrei fór ég suður á Ísafirði um páskana og við vildum þá líka, svona úr því að við vorum vöknuð, spila í Reykjavík fyrir vini og vandamenn og alla þá sem heyra vilja – það hafa margir komið að máli við okkur. Það má eiga von á því að það verði einhver tryllingur í loftinu, án þess að maður ætli að vera með einhverjar yfirlýsingar.

> **ÞAÐ HAFA MARGIR KOMIÐ AÐ MÁLI VIÐ OKKUR. ÞAÐ MÁ EIGA VON Á ÞVÍ AÐ ÞAÐ VERÐI EINHVER TRYLLINGUR Í LOFTINU, ÁN ÞESS AÐ MAÐUR ÆTLI AÐ VERA MEÐ EINHVERJAR YFIRLÝSINGAR.**

Við verðum þarna með tveimur öðrum hljómsveitum, ungum hljómsveitum, sem okkur finnst frábært. Þetta er Hórmónar – hljómsveit sem vann Músíktilraunir og hljómsveitin RuGL – sem er dúett skipaður tveimur stelpum úr Hagaskóla og þær tóku líka þátt í Músíktilraunum. Okkur finnst það vera í anda Risaeðlunnar, af því að það eru stelpur í báðum hljómsveitunum; án þess að það sé fréttnæmt í dag að stelpur séu í hljómsveitum þá var það sannarlega þegar við vorum að stíga okkar fyrstu skref. Við gleðjumst yfir því að stelpur séu komnar á þann stað að þær hiki ekki þegar þær vilja stofna hljómsveit. Síðan eru þetta líka krakkar sem stofnuðu hljómsveitir án þess að kunna mikið á hljóðfærin og það er líka mikið í anda Risaeðlunnar, svona spontaníet – í anda orðsnillingsins sem sagði „að gera en ekki geta“. Okkur er heiður að því að spila með þessum tveimur hljómsveitum,“ segir Magga Stína. Með hliðsjón af sögu Risaeðlunnar verður fróðlegt að sjá hvort hér sé um eiginlega jarðarför að ræða eða hvort sveitin muni vakna af dvala á ný í framtíðinni og gefa óvænt út plötu.

Tónleikarnir eru í kvöld í Gamla bíói og hefjast klukkan 21. Miðasala fer fram á tix.is og hjá Gamla bíói í síma 563-4000.

stefanthor@frettabladid.is

# DEBENHAMS

# CLINIQUE

## Clinique dagar í Debenhams dagana 19. - 25. maí.

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 6.900,- kr. eða meira*

**Kaupaukinn inniheldur:**
7 day scrub – kornahreinsi, 30ml
DDML+ – gula kremið, 30ml
Even Better Moisturizer – dagkrem, 7ml
Smart Serum – serum, 7ml
Smart Eye Cream – augnkrem, 5ml
High Impact Mascara – svartan maskara, 3.5ml
Long Last Gloss – gloss, 2.3ml
Fallega snyrtibuddu

*á meðan birgðir endast.



Nýr **Cubby Foundation Stick**, frábær farði einn og sér eða með í töskuna sem „touch up". Náttúrulegur, endingargóður og gefur miðlungs þekju.




CLINIQUE
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust

Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**DEBENHAMS – SMÁRALIND**
**KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR**

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is
Breiðvangur 10 – Hafnarfjörður
– 4ra herb. með bílskúr




Opið hús í dag milli kl. 17 -17.30
Hraunhamar fasteignasala kynnir 129,3 fermetra 4ra herbergja íbúð á fyrstu hæð ásamt bílskúr við Breiðvang 10 í Hafnarfirði.Eignin skiptist í forstofu, hol, stofu, borðstofu, eldhús, þvottahús, gang, þrjú herbergi, baðherbergi, geymslu og bílskúr. Verð: 30,6 millj.
Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is
Breiðvangur 24,
220 Hafnarfjörður
Sérlega skemmtileg vel hönnuð 117,2 fm 4-5 herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu vel staðsettu og viðhöldnu fjölbýli í norðurbæ Hafnarfjarðar. Verð 32,8 milljónir.







Hús að utan í góðu ástandi enda hefur viðhaldi verið vel sinnt á s.l. árum. Stórviðgerð 2009. Eignin er mjög vel staðsett, leik- og barnaskóli í göngufæri og stutt í alla helstu þjónustu.
Allar frekari uppl. veitir Hilmar Þór Bryde sölumaður hjá Hraunhamri fasteignasölu í síma 520-7500, gsm 892-9694, hilmar@hraunhamar.is
Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

# Á sama sviði og Kendrick Lamar

**Reykjavíkurdætur** skrifuðu undir samning við umboðsskrifstofuna SUPER í Frakklandi og taka fyrsta Evróputúrinn með trompi.

Þetta er gaman og spennandi. En pínu fyndið, manni líður aldrei eins og maður sé eitthvað að meika það,“ segir Salka Valsdóttir, einn fjölmargra hljómsveitarmeðlima Reykjavíkurdætra sem nýverið skrifuðu undir samning við umboðsskrifstofuna SUPER í Frakklandi. Skrifstofan sérhæfir sig í stórum túrum fyrir hljómsveitir um Evrópu en dæturnar hefja sinn fyrsta Evróputúr þann 18. júní næstkomandi og ber hann heitið Rvkdtr Tour. Hefjast leikar í Laugardalnum á Secret Solstice hátíðinni og hringnum verður svo lokað á Spáni mánuði síðar.

Má sannarlega tala um rúsínu í pylsuenda í því samhengi því botninn verður sleginn í túrinn á einni stærstu og virtustu tónlistarhátíð í Evrópu, Fiberfib. „Við spilum á sama sviði og Kendrick Lamar ef ég man rétt. Við fáum mjög gott slott,“ segir Salka en Reykjavíkurdætur munu spila á aðal hiphop-sviðinu, Southbeach dance stage. Þá hafa Disclosure, Major Lazer, The Chemical Brothers, Muse The Kills, Bloc Party og Skepta staðfest komu sína. Reykjavíkurdætur eru þar með önnur íslenskra sveita til að skemmta gestum hátíðarinnar, sem haldin hefur verið árlega síðan 1995 en Sigur Rós kom þar fram árið 2008.

Aðspurð hvort áherslur Reykjavíkurdætra muni eitthvað breytast í kjölfar þessa samnings og komandi Evróputúrs segist Salka þess fullviss að Reykjavíkurdætur verði meiri hljómsveit. „Það er mín spá, ég get svo sem engu lofað um það en ég reikna með að við þróumst og breytumst í takt við þau tækifæri sem við fáum.“

Salka þvertekur þó fyrir að velgengnin hafi komið upp í hendurnar á þeim, því að baki velgengninni og þeim ævintýrum sem bíða handan við hornið sé heilmikil vinna. „Ég held ég geti sagt að þessi bransi sé svolítið eins og bolti sem rúllar og hleður utan á sig. Við höfum unnið mikið að því að fá athyglina og það þarf að hafa fyrir þessu. Ég myndi segja að öll Airwaves-fjölmiðlaumfjöllunin hafi opnað á mörg tækifæri fyrir okkur. Við spiluðum svo í London í mars þar sem mikið er af fólki sem er að bóka á tónleika og við fengum þar ýmis tilboð sem við getum ekki sagt frá að svo stöddu.“

Salka segist ekki gera ráð fyrir að hópurinn komi sérlega múraður úr túrnum, en hingað til hefur allur ágóðinn sem hópurinn hefur safnað sér horfið meira og minna í framleiðslukostnað. „Við erum náttúrulega svo rosalega margar. Það er alveg peningur í þessu en hann fer allur í framleiðsluna. Við höfum aldrei getað lifað á þessu sjálfar og ég veit ekki hvort það breytist eitthvað við þetta. Það getur vel verið að það sé draumur einhverra innan hópsins.“

Hún bendir jafnframt á að harla ólíklegt sé að allar Reykjavíkurdæturnar leggi land undir fót í þá túra sem fram undan eru. Ekki eiga allar hægt um vik að bregða sér af landi brott í lengri tíma. „Það er misjafnt hverjar eru tilbúnar í að fara svona lengi í burtu. Það á eiginlega eftir að koma í ljós. En við förum sextán í þennan túr og svo sjáum við hvernig þetta spilast.“

Salka viðurkennir að ekki hafi hvarflað að henni að hópurinn ætti eftir að ná svona langt þegar Reykjavíkurdætur byrjuðu að krunka sig saman. „Við vissum ekki einu sinni að við yrðum hljómsveit og okkur grunaði ekki að þetta yrði staðan,“ segir hún í lokin, spennt fyrir komandi tímum. **gudrun@frettabladid.is**



Kendrick Lamar er einn af þessum stóru í bransanum svo ekki er ónýtt fyrir Reykjavíkurdætur að taka við sviðinu af honum í lok Evróputúrsins. NORDICPHOTOS/GETTY

## SUPER! sér meðal annars um þessi bönd

- Mumford and Son's
- The xx
- Caribou
- Years and Years
- Jungle
- Bon Iver
- Future Islands
- M83
- Disclosure
- SBTRKT
- The Lumineers
- Black Lips



**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# DEWALT Á HEIMA HJÁ SINDRA...

# HÖRKUTÓL Á TILBOÐI

Í TAKMARKAÐAN TÍMA

## HLEÐSLUHÖGGBORVÉL 18V

Tvær 18v 2.0Ah rafhlöður
70 Nm hersla
Tveggja gíra
13 mm patróna
Kolalaus mótor

vnr 94DCD796D2

VERÐ MEÐ UPPÍTÖKU
**35.238** m/vsk
Fullt verð 49.238 m/vsk

Tökum eldri borvélar uppí fyrir 14.000,-



## HLEÐSLUHÖGGBORVÉL 18V

Tvær 18v 5.0Ah rafhlöður
70 Nm hersla
Tveggja gíra
13 mm patróna
Kolalaus mótor

vnr 94DCD796P2

VERÐ MEÐ UPPÍTÖKU
**54.504** m/vsk
Fullt verð 68.504 m/vsk

Tökum eldri borvélar uppí fyrir 14.000,-



## HERSLULYKILL 18V

Án rafhlaðna og hleðslutækis
Hersla: 950 Nm
Drif: 1/2"
Þrjár hraðastillingar

vnr 94DCF899N

**55.900** m/vsk
Fullt verð 75.155 m/vsk



## FJÖLNOTASÖG 18 VOLT

Tvær 18V 2,0 Ah rafhlöður og hleðslutæki fylgja.
Fljótvirk blaðastilling & stilling
0 - 20.000 OPM
Kolalaus mótor

vnr 94DCS355D2

**59.900** m/vsk
Fullt verð 74.812 m/vsk



## 3JA LÍNULASER 360° GRÆNN

Þriggja línu laser sem er 4 sinnum sjáanlegri en rauður geisli.
1 X 10.8V rafhlaða og hleðslutæki fylgir.

vnr 94DCE089D1G

**99.000** m/vsk
Fullt verð 123.950 m/vsk



## GEIRUNGSSÖG 250 MM

1675 watta mótor
Skurðargeta: 302 x 88 mm
Þyngd: 23 kg
Skuggalína

vnr 94DW717XPS

**129.900** m/vsk
Fullt verð 150.657 m/vsk



## SLÍPIROKKUR 1200W

Afl: 1200 wött
Skífustærð: 125 mm
Snúningshraði: 11000 sn/mín

vnr 94DWE4227



**19.900** m/vsk
Fullt verð 27.929 m/vsk

## PINNABYSSA 18V

Án rafhlaðna og hleðslutækis
Kolalaus mótor
32 - 63 mm 20° pinnar
Kemur í *T-STAK* tösku



vnr 94DCN660NT

**75.900** m/vsk
Fullt verð 84.513 m/vsk

## BORÐ F. GEIRUNGSSAGIR

Létt og þægilegt Borð fyrir allar gerðir geirungsaga. Borðið er 1,9m samanbrotið en 3,9m útbreitt
Festingar fyrir geirungsög fylgir

vnr 94DE7023



**28.900** m/vsk
Fullt verð 51.627 m/vsk

# LENGDUR OPNUNARTÍMI ALLA VIKUNA TIL 19:00

Tilboð gilda til 20. maí eða á meðan birgðir endast

www.sindri.is / sími 575 0000
Viðarhöfða 6 - Reykjavík / Skútuvogi 1 - Reykjavík / Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

SINDRI

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Frosta Logasonar




## Fækkun fæðinga

Þegar ég var nítján ára gamall sótti ég tveggja mánaða þýskunámskeið hjá hinni rómuðu Goethe-stofnun í Bonn, fyrrverandi höfuðborg Vestur-Þýskalands. Ég hafði keyrt út Domino's-pitsur allt árið á undan og náði þannig að nurla saman fyrir þessum kostnaðarsömu tveimur mánuðum, sem voru svo alger lúxus, þannig að ég sá ekki eftir því.

Í skólanum kynntist ég fólki frá öllum heimshornum og eignaðist marga góða vini. Sænsku töffararnir Johan og Tobias voru flottastir. Nokkrum árum eldri en ég og með allt á hreinu. Það var ekki laust við að maður öfundaði þá félaga þegar þeir tjáðu mér að þeir borguðu ekki krónu fyrir þýskuskólann. Þeir voru þarna, aðalgaurarnir á heimavistinni, með allt borgað undir sig af sænska velferðarríkinu. Takk fyrir.

Í dag er sænski töffarinn Johan nýbúinn að eignast sitt þriðja barn í heimalandinu Svíþjóð og er á leiðinni í níu mánaða fæðingarorlof. Sænskir foreldrar fá 480 daga í orlof og af því eru minnst 90 dagar teknir frá fyrir föðurinn. Það er hugsað sem hvatning til að fleiri feður eyði meiri tíma með ungbörnum sínum. Árið 2014 tóku feður 25 prósent af öllu fæðingarorlofi í Svíþjóð.

Á sama tíma er hröð fækkun fæðinga orðin áhyggjuefni á Íslandi. Íslenskir foreldrar fá saman mest 270 daga í orlof með 350 þúsund króna þaki á hámarksgreiðslum. Í Svíþjóð er hámarkið rúmlega 200 þúsund krónum hærra. Ég er ekki endilega viss um að ég ætti orðið þrjú börn ef ég væri búsettur í Svíþjóð, en ég er nokkuð viss um að sænski töffarinn Johan mundi hugsa sig tvisvar um áður en hann eignaðist eitt barn á Íslandi.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland






LÁGT VERÐ ALLA DAGA
SÍÐAN 1962

SLÁ Í GEGN!

Einhell — HELGARTILBOÐ — SLÁTTUORF, rafmagnsvél, 300W — 4.495 kr. — 74830011 - Alm. verð: 5.995kr.

Einhell — HELGARTILBOÐ — SLÁTTUORF, rafmagnsvél, 400W — 6.995 kr. — 74830013 - Alm. verð: 8.995kr.

GARDENA — GOTT VERÐ! — SLÁTTUORF, rafmagnsvél, 650W — 21.995 kr. — 54909811

Einhell — GOTT VERÐ! — SLÁTTUVÉL, rafmagnsvél 1000W, sláttubreidd 30cm — 14.995 kr. — 74830020

BOSCH — HÖRKUTÓL! — SLÁTTUVÉL, rafmagnsvél 1400W, sláttubreidd 37cm — 39.995 kr. — 74891137

Flymo — ÞESSI SVÍFUR! — SVIFSLÁTTUVÉL, rafmagnsvél 1150W, sláttubreidd 33cm — 24.995 kr. — 53323051

GARDENA — GOTT VERÐ! — SLÁTTUVÉL, rafmagnsvél 1200W, sláttubreidd 32cm — 19.995 kr. — 54904073

GARDENA — ÞÝSK GÆÐI! — SLÁTTUVÉL, rafmagnsvél 1700W, sláttubreidd 42cm — 39.995 kr. — 54904076

OUYAO — HELGARTILBOÐ — SLÁTTUORF, fjórgengisvél, 0,7kW — 22.995 kr. — 53323120 - Alm. verð: 29.995kr.

McCULLOCH — GÓÐ! — SLÁTTUORF, tvígengisvél, 0,6kW — 22.995 kr. — 53322848

McCULLOCH — BETRI! — SLÁTTUORF, tvígengisvél, 0,8kW — 59.995 kr. — 53322834

McCULLOCH — BEST! — SLÁTTUORF, tvígengisvél, 1,5kW — 79.995 kr. — 53322831

Einhell — GOTT VERÐ! — SLÁTTUORF, fjórgengisvél, 1,0kW — 29.995 kr. — 74830077

OUYAO — HELGARTILBOÐ — SLÁTTUVÉL, bensínvél 2,3kW, sláttubreidd 46cm — 26.995 kr. — 53323130 - Alm.verð: 34.995kr.

OUYAO — GOTT VERÐ! — SLÁTTUVÉL, bensínvél með drifi, 2,6kW, sláttubreidd 51cm — 49.995 kr. — 53323140

McCULLOCH — HELGARTILBOÐ — SLÁTTUVÉL, bensínvél 1,6kW, sláttubreidd 46cm — 49.995 kr. — 53322805 - Alm.verð: 59.995kr

McCULLOCH — HELGARTILBOÐ — SLÁTTUVÉL, bensínvél með drifi, 2,3kW, sláttubreidd 51cm — 89.995 kr. — 53322822 - Alm. verð: 99.995kr.

McCULLOCH — 4X4 — SLÁTTUVÉL, bensínvél, 4x4, 2,4kW, sláttubreidd 56cm — 119.995 kr. — 53322842

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 23. maí.

VIÐ GEFUM EINA SVONA Á FACEBOOK!

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á WWW.BYKO.IS

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN